

Staða fólks af erlendum uppruna

Samfélagslegur kostnaður vegna fátæktar - Skýrsla II

Höfundar:

Herdís Steingrímsdóttir

Kolbeinn H. Stefánsson

Halldór S. Guðmundsson

Kjartan Ólafsson

September 2025

Útgefandi:

Háskóli Íslands og höfundar

Höfundar:

Herdís Steingrímsdóttir, Kolbeinn H. Stefánsson, Halldór S. Guðmundsson og Kjartan Ólafsson.

Umbrot og textavinna:

© Höfundar

Próförk: Bragi Bergmann/Fremri ehf.

ISBN 978-9935-571-04-5

Viðeigandi heimildaskráning:

Herdís Steingrímsdóttir, Kolbeinn H. Stefánsson, Halldór S. Guðmundsson og Kjartan Ólafsson. (2025). *Staða fólks af erlendum uppruna. Samfélagslegur kostnaður vegna fátæktar - Skýrsla II.*

Innihald

Töflu- og myndayfirlit	4
Samantekt.....	6
Fátækt meðal innflytjenda	6
Staða á vinnumarkaði	8
Börn innflytjenda og hætta á fátækt.....	9
Ábendingar og tillögur	9
1. Inngangur.....	13
2. Gögn, aðferðafræði og helstu skilgreiningar	15
2.1 Afmörkun gagna	15
2.2. Helstu skilgreiningar í gögnum	16
2.2.1 Fjölskyldur.....	16
2.2.2 Jafngildiskvarðar og lágtekjumörk.....	16
2.2.3 Innflytjendur og uppruni	18
3. Fátækt á meðal innflytjenda á Íslandi.....	20
3.1 Fjöldi innflytjenda	20
3.2 Þróun lágtekjuhlutfalls og lágtekjubils á meðal innflytjenda.....	20
4. Lýðfræði og bakgrunnur innflytjenda	23
4.1 Lýðfræði og uppruni.....	23
4.2 Lágtekjuhlutföll og lágtekjubil eftir uppruna	25
Breytt samsetning í hópi innflytjenda	26
5. Staða á vinnumarkaði.....	29
5.1 Starfandi og atvinnulausir	29
5.2 Atvinnugreinar	31
6. Börn innflytjenda.....	37
7. Aðhvarfsgreiningar	41
7.1 Dvalarlengd innflytjenda og fátækt	43
7.2 Hvað spáir fyrir um fátækt innflytjenda á Íslandi?	46
Viðhengi A: Flokkun landa í upprunasvæði.....	51

Töflu- og myndayfirlit

Tafla 2.1. Breytingar sem urðu á fjölda innflytjenda og lágtekjuhlutfalli árið 2023 vegna afmörkunar í gögnunum vegna íbúa sem að líkindum búa ekki á landinu.	16
Mynd 2.1. Lágtekjuhlutföll innflytjenda samkvæmt mismunandi skilgreiningum.	18
Tafla 2.2. Flokkun landa í upprunasvæði.	19
Mynd 3.1. Fjöldi innflytjenda og innflytjendur sem hlutfall mannfjöldans árin 2000-2023.....	20
Mynd 3.2. Árlegt lágtekjuhlutfall 2000-2023 eftir bakgrunni.	21
Mynd 3.3 Lágtekjubil fólks undir lágtekjumörkum eftir bakgrunni.	22
Mynd 4.1. Samsetning innflytjenda á Íslandi árin 2000 og 2023 eftir uppruna.	23
Tafla 4.1. Innflytjendur á Íslandi 2023: Einkenni eftir uppruna (upplýsingar um fjölskyldugerð eru frá árinu 2022).....	24
Mynd 4.2. Lágtekjuhlutfall eftir uppruna árið 2023.	25
Mynd 4.3. Lágtekjubil eftir uppruna árið 2023.	25
Tafla 4.2. Kynja- og aldurssamsetning innflytjenda 2013 og 2023 og lágtekjuhlutföll mismunandi hópa.....	26
Tafla 4.3. Dreifing innflytjenda eftir upprunasvæði árin 2013 og 2023 og lágtekjuhlutföll mismunandi hópa.....	27
Tafla 4.4. Dreifing innflytjenda eftir dvalarlengd árin 2013 og 2023 og lágtekjuhlutföll mismunandi hópa.....	28
Tafla 5.1 Vinnumarkaður 18-66 ára árið 2023. Í starfi eru þeir sem hafa skráðan NACE kóða og atvinnuleysi er skilgreint út frá atvinnuleysisbótum.....	29
Tafla 5.2. Dreifing og lágtekjuhlutföll eftir atvinnuþátttöku árin 2013 og 2023 (18-66 ára).....	30
Mynd 5.1. Hlutfall þeirra sem fengu atvinnuleysisbætur 2000-2023 eftir bakgrunni.	30
Mynd 5.2. Hlutfall atvinnulausra á meðal innflytjenda eftir dvalartíma árið 2023.	31
Mynd 5.3. Hlutfall starfandi í hverri atvinnugrein árið 2023 eftir uppruna.....	32
Mynd 5.4. Hlutfall starfandi karla í hverri atvinnugrein árið 2023 eftir uppruna.	33
Mynd 5.5. Hlutfall starfandi kvenna í hverri atvinnugrein árið 2023 eftir uppruna.	34
Tafla 5.3. Dreifing starfandi innflytjenda (18-66 ára) eftir starfsgreinum og lágtekjuhlutföll þeirra árin 2013 og 2023. Ekki eru sýnd lágtekjuhlutföll fyrir hópa sem telja færri en 100 einstaklinga. 35	
Tafla 5.4. Tölfræði fyrir helstu atvinnugreinar innflytjenda árið 2023.	36
Mynd 6.1. Fjöldi barna með innflytjendabakgrunn 2000-2023.....	37
Mynd 6.2. Hlutfall barna sem búa við heimilistekjur undir lágtekjumörkum eftir bakgrunni 2000-2023.	38
Tafla 6.1 Samsetning og lágtekjuhlutföll á meðal barna eftir dvalartíma og bakgrunni.	39
Tafla 6.2. Börn í hópi innflytjenda árið 2023 eftir upprunasvæði. Ekki er sýnd tölfræði fyrir hópa sem telja færri en 100 einstaklinga.....	40

Mynd 7.1. Líkindi innflytjenda á að vera undir lágtekjumörkum í samanburði við fólk með íslenskan bakgrunn árið 2023 eftir uppruna.....	42
Mynd 7.2. Líkur innflytjenda á að vera undir lágtekjumörkum eftir uppruna og dvalarlengd.	45
Mynd 7.3. Dvalarlengd á Íslandi og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.	47
Mynd 7.4. Kyn og aldur og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.	47
Mynd 7.5. Fjölskyldugerð og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.	48
Mynd 7.6. Fjöldi barna í fjölskyldu og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.	48
Mynd 7.7. Námsfólk og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.	49
Mynd 7.8. Fjöldi mánaða í launavinnu og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023. ..	49

Samantekt

Fátækt meðal innflytjenda

Fátækt er talsvert algengari og dýpri á meðal innflytjenda á Íslandi en hjá fólki með íslenskan bakgrunn. Árið 2023 voru 19,5% innflytjenda undir lágtekjumörkum miðað við 7,9% þeirra sem voru með íslenskan bakgrunn, og munurinn hefur aukist á síðustu árum. Þessi staða er mismunandi eftir upprunalandi, aldri, dvalartíma, atvinnustöðu og starfsgrein, en niðurstöður skýrslunnar sýna að fátækt er sérstaklega algeng (32,1%) meðal barna og annarra einstaklinga sem eru tiltölulega nýfluttir til landsins.

Erfitt hefur reynst í opinberum hagtölum að ná utan um brottflutninga frá Íslandi í og getur það leitt til töluverðrar skekkju í greiningum á fjölda innflytjenda. Því er mikilvægt að leita leiða til að bæta úr þessum skráningarvanda. Í gögnunum sem greiningar skýrslunnar byggja á er búið að taka út þá einstaklinga sem ekki virðast lengur vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi, það er einstaklinga sem hvorki hafa sjálfir tekjur né tilheyra heimili þar sem aðrir hafa tekjur. Til tekna teljast bæði laun, atvinnuleysisbætur og aðrar tilfærslur. Með þessu er leitast við að draga úr skekkju sem getur stafað af því að brottfluttir einstaklingar haldist áfram í Þjóðskrá og öðrum opinberum gögnum. Þá er einnig gerð greining miðað við að einstaklingur (eða fjölskyldumeðlimur hans) hafi einhverjar tekjur allt árið. Þar sem tekjuupplýsingar í gögnunum eru á ársgrundvelli myndu einstaklingar sem dvöldu á landinu skemur en ár mælast tekjulágir á ársgrundvelli, ekki endilega vegna þess að tekjur þeirra hafi verið lágar á þeim tíma sem þeir dvöldust á landinu, heldur vegna þess að þeir dvöldu hér í skamman tíma. Þessir einstaklingar gætu því skekkt greiningar og leitt til ofmats á fátækt, sérstaklega á meðal innflytjenda sem eru líklegri til að flytja til og frá landinu en innfæddir.

Þessi aðferð útilokar þó ekki eingöngu einstaklinga sem eru raunverulega brottfluttir heldur mögulega einnig einstaklinga sem búa á landinu þrátt fyrir að uppfylla ekki þessi skilyrði. Mat á lágtekjuhlutföllum eru því varfærin og ólíklegt að greiningar sem byggja á þessum gögnum ofmeti fátækt. Við afmörkun gagnanna (sjá í kafla 2.1.) fækkar innflytjendum í gögnunum um 11.828 manns og lágtekjuhlutfall innflytjenda lækkar úr 30,8% í 19,5%. Afleiðingin verður sú að hlutfall innflytjenda í þessum greiningum er lægra en til dæmis í nýlegri skýrslu OECD¹, þar sem fram kemur að innflytjendur hafi verið ríflega 18% íbúa landsins árið 2023. Samkvæmt greiningunum hér var hlutfallið hins vegar 15,4%.

¹ OECD. (2024). *Skills and Labour Market Integration of Immigrants and their Children in Iceland*. OECD. <https://doi.org/https://doi.org/10.1787/96adc300-en>

Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið á Íslandi síðustu áratugi. Árið 2000 voru 6.803 innflytjendur hér á landi eða um 2,5% íbúa. Árið 2023 voru þeir orðnir 53.271 eða 15,4% landsmanna og hefur fjöldi þeirra því áttfaldast á tæpum aldarfjórðungi.

Árið 2023 voru 19,5% innflytjenda undir lágtekjumörkum miðað við 7,9% þeirra sem voru með íslenskan bakgrunn, sem fyrr segir. Frá árinu 2000 fór lágtekjuhlutfall á meðal innflytjenda hæst í 20,5% árið 2008 og lægst niður í 15,2% árið 2012. Innflytjendur eru því ekki eingöngu líklegri en fólk með íslenskan bakgrunn til að búa við fátækt heldur er fátækt þeirra einnig dýpri. Undanfarin ár hefur dýpt fátæktar á meðal innflytjenda aukist og munurinn á milli þeirra og fólks með íslenskan bakgrunn farið vaxandi (stærri lágtekjubil).

Árið 2000 bjuggu einstaklingar frá um 130 löndum á Íslandi og kom stærsti hópurinn frá hinum Norðurlöndunum eða 18,5%. Tæpum aldarfjórðungi síðar, árið 2023, voru innflytjendur frá nærri 200 löndum hér á landi og Pólverjar eru nú langfjölmennasti hópurinn eða 34,6%. Ef við þann hóp er bætt þeim sem koma frá öðrum löndum Austur-Evrópu, Eystrasaltslöndunum og Balkanskaga þá koma um 60% innflytjenda samtals frá þessum löndum (sjá upplýsingar um flokkun upprunalanda í kafla 2.2.3.).

Þó nokkur munur er á lágtekjuhlutfalli og dýpt fátæktar eftir upprunalandi innflytjenda. Staðan er verst á meðal innflytjenda frá Austur-Asíu, en í þeim hópi eru 28,0% undir lágtekjumörkum og lágtekjubilið í þessum hópi er einnig mest, eða tæplega 60.000 kr. Næst á eftir kemur Vestur-Evrópa þar sem lágtekjuhlutfallið er 26,5% og lágtekjubilið tæplega 50.000 kr. Á meðal innflytjenda frá Póllandi er lágtekjuhlutfallið hins vegar töluvert lægra, eða rétt rúmlega 15% og lágtekjubilið er einnig lægra, eða um 26.000 kr.

Á meðal innflytjenda er lágtekjuhlutfallið hæst á meðal ungs fólks. Hlutfallið er 22,5% hjá börnum, fólki yngra en 18 ára, og 32,1% á meðal 18-24 ára. Á meðal barna með íslenskan bakgrunn er lágtekjuhlutfallið 8,8% og 12,6% í aldurshópnum 18-24 ára. Á meðal innflytjenda er lágtekjuhlutfallið lægst í aldurshópnum 45-54 ára, þar sem það er 16,9% en á meðal íbúa með íslenskan bakgrunn er hlutfallið lægst hjá elsta aldurs hópnum, þ.e. eldri en 66 ára, þar sem það er 2,5%.

Lágtekjuhlutfallið er hæst á meðal innflytjenda frá Austur-Asíu, en það er einnig sá hópur sem hefur séð mesta lækkun á lágtekjuhlutfallinu í prósentustigum frá árinu 2013. Lágtekjuhlutfallið hefur aftur á móti hækkað mest á meðal innflytjenda frá því svæði sem stundum er nefnt MENA (Mið austurlönd og Norður-Afríka) ásamt Tyrklandi og Kákasuslöndum, eða úr 15,1% í 26,3%. Á meðal innflytjenda frá Póllandi hefur hlutfallið hækkað úr 11,2% í 15,1% og hjá innflytjendum frá Austur-Evrópu hefur það hækkað úr 20,0% í 26,0%.

Hlutfall innflytjenda sem hafa dvalið á Íslandi í þrjú ár eða skemur hefur aukist verulega, úr 16,1% árið 2013 í 28,2% árið 2023. Þessi hópur hefur jafnframt hæsta lágtekjuhlutfallið og hefur það hækkað úr 25,9% árið 2013 í 32,1% árið 2023.

Staða á vinnumarkaði

Árið 2023 voru 88,1% innflytjenda starfandi, samanborið við 86,7% fólks með íslenskan bakgrunn.

Lágtekjuhlutfall á meðal innflytjenda sem eru ekki starfandi hefur hækkað töluvert frá árinu 2013 og er mun hærra en á meðal fólks með íslenskan bakgrunn sem ekki er starfandi. Á meðal þeirra sem fengu atvinnuleysisbætur og voru ekki skráðir starfandi innan ársins hefur lágtekjuhlutfallið aukist, bæði meðal innflytjenda og einstaklinga með íslenskan bakgrunn. Hlutfallið er þó umtalsvert hærra meðal innflytjenda (34,8% árið 2023) en meðal einstaklinga með íslenskan bakgrunn (25,3% árið 2023).

Á meðal þeirra sem ekki voru starfandi og fengu engar atvinnuleysisbætur var lágtekjuhlutfallið 42,1%, en 16,0% hjá sama hópi með íslenskan bakgrunn. Þá hefur hlutfall þeirra sem voru í starfi en fengu líka einhverjar atvinnuleysisbætur á árinu verið hærra meðal innflytjenda (11%) en einstaklinga með íslenskan bakgrunn (3,3%). Í þessum hópi var lágtekjuhlutfall innflytjenda 20,0% árið 2023.

Hlutfall innflytjenda sem fá atvinnuleysisbætur er hæst á meðal þeirra sem hafa verið á Íslandi í 4-6 ár og var 18,1% árið 2023. Hlutfallið lækkar svo nokkuð skarpt með dvalartíma og var 6,6% á meðal innflytjenda sem hafa verið á Íslandi í 15 ár eða lengur. Hlutfallið er þó alltaf nokkru hærra en hlutfall atvinnulausra á meðal þeirra sem hafa íslenskan bakgrunn.

Vinnumarkaður innflytjenda og fólks með íslenskan bakgrunn er nokkuð ólíkur. 28,8% innflytjenda vinna við *Framleiðslu*, eða *Byggingar og mannvirki* (á meðal fólks með íslenskan bakgrunn er hlutfallið 15,2%). 29,5% innflytjenda starfa í greinum sem tilheyra að stórum hluta ferðapjónustunni þ.e., *Gisting og veitingar* og *Leigustarfsemi, sérhæfð þjónusta*, samanborið við 7,3% þeirra sem eru með íslenskan bakgrunn. Á hinn bóginn starfa rúmlega 35% fólks með íslenskan bakgrunn í *Opinberri stjórnsýslu, Fræðslustarfsemi, og Heilbrigðis- og félagsþjónustu*, en á meðal innflytjenda er þetta hlutfall tæplega 18%.

Lágtekjuhlutföll á meðal innflytjenda eru nokkuð ólík eftir starfsgreinum og hafa auk þessa þróast með mismunandi hætti síðustu 10 ár. Í starfsgreininni *Byggingar og mannvirki* hefur lágtekjuhlutfallið hækkað úr 12,6% árið 2013, í 20,7% árið 2023. Lágtekjuhlutfallið í starfsgreininni *Gisting og veitingar* hefur hins vegar aðeins lækkað, en er þó hátt (23,2%). Í *Framleiðslu* er lágtekjuhlutfallið mun lægra en hefur þó hækkað úr 8,7% í 10,9% á tímabilinu.

Meðal dvalartími er nokkuð breytilegur á milli starfsgreina: Í bygginga- og mannvirkjagerð, gistingu og veitingarekstri og leigustarfsemi er meðal dvalartími innan við sjö ár, en í fræðslu- og heilbrigðisstarfsemi er hann talsvert lengri, eða um 13 ár. Á meðal innflytjenda sem starfa í gistingu og veitingarekstri fluttu 44,4% til landsins á síðustu þremur árum.

18,3% af innflytjendum sem störfuðu í gistingu og veitingarekstri árið 2023 fengu einhverjar atvinnuleysisbætur á árinu og 19% þeirra sem störfuðu í leigustarfsemi. Þetta hlutfall innflytjenda er innan við 6% á meðal þeirra sem störfuðu við fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Börn innflytjenda og hætta á fátækt

Árið 2023 voru 2.747 börn (þ.e. einstaklingar yngri en 18 ára) í hópi innflytjenda. Einstaklingar sem teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda eru einnig ört stækkandi hópur. Árið 2023 voru 6.484 einstaklingar í þessum hópi, þar af 5.617 á aldrinum 0-17 ára.

Lágtekjuhlutfall er töluvert hærra á meðal barna í hópi innflytjenda en hjá börnum með íslenskan bakgrunn. Hjá börnum með íslenskan bakgrunn hefur lágtekjuhlutfallið farið lækkaði síðustu ár og var komið niður í 8,0% árið 2023. Á meðal barna sem teljast sjálf til innflytjenda lækkaði lágtekjuhlutfallið töluvert í kjölfar efnahagshrunsins og fór lægst í 14,3% árið 2012 en hefur svo hækkað á ný og var komið í 22,2% árið 2023. Hjá börnum sem teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda lækkaði lágtekjuhlutfallið einnig hratt eftir 2007 og fór niður í 12,1% árið 2014. Það hefur svo verið á bilinu 12-14% síðustu ár.

Á meðal barna er lágtekjuhlutfallið hæst á meðal þeirra sem hafa dvalið hér í skemmstan tíma en fer svo lækkaði. Fyrir börn sem hafa verið á Íslandi í þrjú ár eða skemur var lágtekjuhlutfallið 34,9% árið 2023, 18,4% á meðal þeirra sem hafa verið á landinu í 4-6 ár, og 11,4% hjá þeim sem hafa dvalið hér 7 ár eða lengur. Þessi hlutföll hafa hækkað talsvert síðan 2013.

Líkurnar á fátækt minnka með lengri dvalartíma, en þessi þróun er misjöfn eftir upprunahópum: fátækt dregst hraðar saman meðal sumra hópa (t.d. Pólverja og einstaklinga frá Vestur- og Suður-Evrópu) en annarra (t.d. frá Afríku og Suðaustur-Asíu). Fylgni er milli fjölskyldugerðar, atvinnuþátttöku foreldra og hættu á fátækt. Þó að þessir þættir skýri hluta af mismuninum milli innflytjendahópa, er enn talsverður hluti óútskýrður. Hann gæti tengst þáttum eins og starfsvettvangi, mögulegum hindrunum í aðgengi að vinnumarkaði eða mismunun.

Ábendingar og tillögur

Niðurstöður skýrslunnar varpa ljósi á kerfisbundinn ójöfnuð sem innflytjendur á Íslandi búa við. Sumir hópar innflytjenda standa nokkuð vel, en þó býr stór hluti þeirra við mun lakari efnahagslega stöðu en aðrir íbúar landsins. Sérstaklega áberandi er staða barna og

ungs fólks og einstaklinga sem eru tiltölulega nýkomnir til landsins. Þessar niðurstöður kalla á samfélagslega umræðu um hvernig móttaka, inngilding og stuðningur við innflytjendur eru skipulögð.

Árið 2023 voru 18,4% innflytjenda undir lágtekjumörkum miðað við 12,2% þeirra sem eru með íslenskan bakgrunn. Innflytjendur eru nú 21,6% þeirra sem eru undir lágtekjumörkum miðað við 4,3% um síðustu aldamót. Fátækt er auk þess dýpri á meðal innflytjenda. Að meðaltali eru mánaðartekjur fólks undir lágtekjumörkum um 20.000 kr. undir mörkunum á meðal fólks með íslenskan bakgrunn um 30.000 kr. undir mörkunum á meðal innflytjenda.

Aukin hættu á fátækt meðal nýfluttra innflytjenda endurspeglar samspil margra þátta. Þar má nefna skort á tengslaneti, tungumálhindranir og misræmi milli menntunar og krafna íslensks vinnumarkaðar. Þá má sjá í gögnunum að hlutfall innflytjenda í starfsgreinum þar sem launatekjur eru lægri, er mun hærra en hjá fólki með íslenskan bakgrunn, auk þess sem vinnumarkaðsstaða þeirra virðist almennt ótryggari.

Hér fyrir neðan eru ábendingar og tillögur að stefnumiðum og/eða stuðningsaðgerðum til að bæta efnahagslega stöðu innflytjenda til skemmri og lengri tíma.

1. Bætt skráning

Í gögnunum sem greiningar skýrslunnar byggja á og rakið er í kafla 2.1 um afmörkun gagna, er búið að taka út 22.572 einstaklinga sem virðast ekki lengur vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi, það er hafa hvorki tekjur sjálfir né tilheyra heimili þar sem aðrir hafa tekjur. Með þessu er leitast við að draga úr skekkju sem væntanlega felst í að brottfluttir einstaklingar haldast áfram í Þjóðskrá og opinberum gögnum.

- Sumir innflytjendur dvelja hér til skemmri tíma, á meðan aðrir setjast hér að til langs tíma. Þessir fólksflutningar og sérstaklega ófullnægjandi skráning brottfluttra, hafa gert það að verkum að erfitt hefur reynst að halda utan um raunverulegan fjölda innflytjenda sem búa í landinu. Mikilvægt er að bæta þessi atriði til að tryggja að tölfræði um fátækt, atvinnuþátttöku, atvinnuleysi og aðra þætti byggji ekki á röngum forsendum. Endurskoða þarf reglur og bæta ferla sem halda utan um brottflutning, t.d. með sjálfvirkri skráningu frá atvinnu- og skattakerfum til að greina óvirkni. Mikilvægt er að ná utan um brottflutning almennt og sérstaklega innflytjenda til þess að geta greint með nákvæmari hætti stöðu þeirra sem búa á Íslandi á hverjum tíma.
- Gerð verði sérstök árleg samantekt um félags- og efnahagslega stöðu innflytjenda sem taki tillit til brottfluttra einstaklinga. Innflytjendahópurinn hér á landi stækkar og breytist ört, og því er mikilvægt að fylgjast vel með þróuninni. Önnur kynslóð innflytjenda er einnig stækkandi hópur og mikilvægt er að fylgjast með því hvernig honum vegnar í skólakerfinu og á vinnumarkaði.

-
- Fjárfesta þarf í rannsóknum og þróun aðferða til að greina og bregðast við fjölbreyttum aðstæðum og þörfum innan innflytjendahópsins.

2. Atvinnutengdur stuðningur við nýflutta einstaklinga

Gögnin sýna að sífellt hærra hlutfall innflytjenda hefur stutta búsetusögu á Íslandi, og að fátækt í þessum hópi hefur aukist á undanförunum árum. Stór hluti innflytjenda í atvinnugreinum eins og *Gisting og veitingar* og *Byggingar og mannvirki* hafa verið á landinu skemur en þrjú ár. Tiltölulega hátt hlutfall innflytjenda sem vinna í þessum greinum hefur einnig þegið atvinnuleysisbætur að einhverju leyti yfir árið, sem bendir til þess að störfín séu að einhverju leyti ótrygg og árstíðabundin. Þótt sumir innflytjendur kunni að snúa aftur til síns heimalands þegar atvinnu lýkur, eru aðrir síður sveigjanlegir, til að mynda einstaklingar sem koma hingað með fjölskyldur sínar og hyggja á lengri dvöl. Brýnt er að huga betur að því hvernig tekið er utan um þennan hóp innflytjenda, til að mynda með því að bæta aðgengi að stöðugri atvinnu, aðstoða við atvinnuleit, veita ráðgjöf og stuðning, og tryggja að réttindi þeirra séu virt.

- Styrkja þarf tengsl innflytjenda við vinnumarkað með íslenskunámi, starfsþróun og viðurkenningu á prófum/námi/reynslu og efla vernd gegn atvinnuóöryggi.
- Leggja þarf áherslur á stuðning við atvinnuleit, náms- og starfsráðgjöf fyrir nýflutta einstaklinga.
- Huga þarf að tengingu nýfluttra einstaklinga við vinnumarkað með stuðningsúrræðum: t.d. íslenskunámi, starfsþjálfun og leiðsögn.
- Marka þarf skýrar leiðir til að meta og viðurkenna menntun og starfsreynslu frá heimalandi.

3. Aðgerðir gegn barnafátækt meðal innflytjenda

Börn innflytjenda búa við mun meiri hættu á fátækt en börn með íslenskan bakgrunn. Árið 2023 voru 22,2% barna innflytjenda undir lágtekjumörkum, samanborið við 8,0% barna með íslenskan bakgrunn. Börn sem tilheyra annarri kynslóð innflytjenda eru einnig í áhættuhópi, með lágtekjuhlutfall á bilinu 12–14%. Hætta á fátækt er mest meðal barna sem hafa dvalið á Íslandi í þrjú ár eða skemur (34,9%) og minnkar með lengri dvalartíma. Þróunin er þó misjöfn eftir upprunahópum. Fátækt barna tengist fjölskyldugerð, atvinnuþátttöku foreldra og dvalartíma, en einnig ómældum þáttum eins og aðgengi að vinnumarkaði og mögulegri mismunun. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að móta sértækar aðgerðir til að styðja við börn innflytjenda og fjölskyldur þeirra, sérstaklega á fyrstu árum eftir komu til landsins.

- Miða þarf úrræði að nýfluttum innflytjendum og barnafjölskyldum sem eru í mestri áhættu fyrir að búa við fátækt.

-
- Sérhæfð stuðningsúrræði þurfa að vera til staðar fyrir fjölskyldur með börn sem eru nýkomnar til landsins, m.a. vegna húsnæðis, kostnaðar og annarra þátta í inngildingu innflytjenda.
 - Fátækt barna getur haft langvarandi áhrif á einstaklinga og því er sérstaklega mikilvægt að lækka hlutfall barna í hópi innflytjenda sem búa við efnahagslega fátækt.

4. Opinber stefnumótun og langtímahugsun

Niðurstöður greininga sýna að fátækt meðal innflytjenda á Íslandi er ekki aðeins algengari og dýpri en meðal fólks með íslenskan bakgrunn, heldur endurspeglar hún flókið samspil fjölmargra þátta. Þar vega þungt atriði eins og dvalarlengd, fjölskyldugerð, uppruni og atvinnuöryggi. Þessi margþætta mynd kallar á heildstæða opinbera stefnumótun sem byggir á langtímahugsun og samvinnu ólíkra aðila enda fyrirsjáanlegt að innflytjendur eru og verða hluti af íslensku samfélagi. Með því að greina og skilja undirliggjandi kerfisbundinn vanda má leggja grunn að markvissum og sérsniðnum aðgerðum sem stuðla að inngildingu og bættum lífskjörum innflytjenda til framtíðar.

- Setja þarf fram heildstæða stefnu um inngildingu innflytjenda, með mælanlegum markmiðum.
- Leggja þarf aukna áherslu á málefni innflytjenda í sérstöku samtali milli ríkis og sveitarfélaga sem og aðila vinnumarkaðarins um þau málefni sem greiningar benda á og varða stöðu og umgjörð fólks af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði.
- Stórir hópar innflytjenda dvelja stutt í landinu og það gefur tilefni til að móta þurfi stefnu sem snýr að stöðu „farandverkafólks“ í íslensku samfélagi og þeirri viðkvæmu stöðu sem sá hópur býr við.

Við þessa afmörkun (sjá næsta kafla og töflu 2.1.) fækkaði einstaklingum í gögnunum um 22.572, þar af voru 11.828 innflytjendur. Hlutfall innflytjenda í þessari tiltekt, er rétt um 52% og má í því samhengi benda á að það hlutfall er í samræmi við hlutfall innflytjenda sem líklega eru búsettir erlendis og voru hluti af tiltekt Hagstofu Íslands þegar beitt er nýrri aðferð við mat á íbúafjölda á Íslandi.

Viðfangefni þessarar skýrslu varðar innflytjendur og fátækt en ekki að staðfesta íbúafjölda í landinu, heldur leiða líkum að því hve hátt hlutfall innflytjenda sem býr hér hafi það lágar tekjur að það kalli á sérstaka athygli og aðgerðir af hálfu stjórnvalda.

Með þeirri nálgun sem beitt er í skýrslunni, er óhætt að segja að niðurstöðurnar séu varfærnar og ættu ekki að fela í sér ofmat á umfangi fátæktar meðal innflytjenda, heldur endurspegli þann hóp sem líklega dvelur hér í lengri tíma, býr við erfiða stöðu og þarf stuðning til að bæta stöðu sína og framtíðarhorfur.

Höfundar vilja færa samráðshópi Stjórnarráðsins þakkir fyrir yfirferð á drögum að skýrslunni og veittar ábendingar. Samráðið var mikilvægt fyrir endanlega útfærslur í greiningum og styrkti bæði framsetningu og áherslur í skýrslunni. Að mati höfunda er þessi samvinna dæmi um mikilvægi samvinnu fræðasamfélagsins og opinberra aðila við að takast á við samfélagslegar áskoranir.

2. Gögn, aðferðafræði og helstu skilgreiningar

Greiningarnar í þessari skýrslu byggja á skráagögnum Hagstofunnar fyrir árin 2000-2023. Skrárnar innihalda upplýsingar um hvern einstakling með skráða búsetu á Íslandi í lok hvers árs á tímabilinu og í gögnunum eru meðal annars upplýsingar um uppruna fólks, vinnumarkaðspáttöku og tekjur. Upplýsingar um fjölskyldunúmer og hjúskaparstöðu ná þó eingöngu til ársins 2022.

2.1 Afmörkun gagna

Það hefur almennt reynst áskorun að ná utan um fjölda landsmanna síðustu ár, einkum vegna vanskráðra brottflutninga fólks úr landinu. Hagstofan gaf út greinargerð 21. mars 2024³ þar sem fjallað er um endurbættar aðferðir við útreikning á mannfjölda á Íslandi. Í stað þess að byggja eingöngu á skráningum lögheimils í Þjóðskrá er einnig tekið tillit til annarra opinberra gagna, svo sem skattframtala og nemendaskrár (sjá í greinargerð um manntal og húsnæðistal, 2021). Samkvæmt þessari aðferðafræði voru um 10 þúsund færri íbúar á Íslandi árið 2021 en skráðir voru með lögheimili á Íslandi samkvæmt Þjóðskrá. Síðan þá hefur þessi munur farið vaxandi og er talið að í upphafi árs 2024 hafi íbúar landsins verið oftaldir um 15.245 manns í Þjóðskrá.

Samkvæmt greiningu Hagstofunnar er um helmingur þeirra einstaklinga, sem eru í Þjóðskrá þrátt fyrir að hafa flutt af landi brott, erlendir ríkisborgarar. Því má ætla að tiltölulega hátt hlutfall innflytjenda í gagnasetti Hagstofunnar búi í raun ekki hér á landi. Sé ekki tekið tillit til þess gæti það skekkt niðurstöður sem varða tekjur og stöðu innflytjenda á Íslandi.

Í því gagnasetti sem unnið var með í þessari skýrslu var ekki búið að beita endurbættum aðferðum Hagstofunnar. Gagnasettið býður auk þess ekki upp á að notuð sé nákvæmlega sama aðferðafræði og gert var í útreikningum Hagstofunnar. Í gagnavinnslnunni er svipaðri afmörkun þó beitt og sú leið farin að notast eingöngu við upplýsingar frá einstaklingum sem: 1) höfðu sjálfstæðar tekjur, eða 2) eru í fjölskyldu með öðrum sem hafa einhverjar tekjur.

Til tekna teljast bæði laun, atvinnuleysisbætur og aðrar tilfærslur. Þá er einnig gerð krafa um að einstaklingur (eða fjölskyldumeðlimur hans) hafi einhverjar tekjur allt árið. Þar sem tekjuupplýsingar í gögnunum eru á ársgrundvelli myndu einstaklingar sem dvöldu á landinu skemur en ár mælast tekjulágir á ársgrundvelli, ekki endilega vegna þess að tekjur þeirra hafi verið lágar á þeim tíma sem þeir dvöldust á landinu, heldur vegna þess að þeir dvöldu hér í skamman tíma. Þessir einstaklingar gætu því skekkt greiningar og leitt

³ Hagstofa Íslands, 21. mars 2024.

<https://hagstofas3bucket.hagstofa.is/hagstofan/media/public/2024/fadec11c-1b6e-4a66-92e8-73ec22e1f0c6.pdf>

til ofmats á fátækt, sérstaklega á meðal innflytjenda sem eru líklegri til að flytja til og frá landinu en innfæddir.

Tafla 2.1 sýnir áhrif afmörkunar gagnanna á fólksfjölda, fjölda innflytjenda og lágtekjuhlutfall/fátækt á meðal innflytjenda fyrir árið 2023. Þar má sjá að eftir afmörkun gagnanna fækkar einstaklingum í gögnunum um 22.572 og eru innflytjendur 11.828 einstaklingar af þeim hópi og lágtekjuhlutfallið á meðal þeirra lækkar því úr 30,8% niður í 19,5%.

Tafla 2.1. Breytingar sem urðu á fjölda innflytjenda og lágtekjuhlutfalli árið 2023 vegna afmörkunar í gögnunum vegna íbúa sem að líkindum búa ekki á landinu.

	Fyrir afmörkun gagna	Eftir afmörkun gagna
Fólksfjöldi	375.321	352.749
Fjöldi innflytjenda	65.099	53.271
Hlutfall innflytjenda	17,3%	15,1%
Meðaltekjur innflytjenda	594.524 kr.	717.701 kr.
Lágtekjuhlutfall á meðal innflytjenda	30,8%	19,5%

2.2. Helstu skilgreiningar í gögnum

2.2.1 Fjölskyldur

Lágtekjumörk (sjá nánar kafla 2.2.2) eru skilgreind út frá því sem er kallað „jafngildar ráðstöfunartekjur“ (e. equivalised disposable incomes). Í því felst að leitast er við að skilgreina heimilis- eða fjölskyldueiningar sem deila líf skjörum. Allar tekjur einstaklinga innan hópsins eru lagðar saman, skattar og skyldur dregnar frá, og því sem eftir stendur er deilt jafnt á milli meðlima heimilisins eða fjölskyldunnar. Það er því mikilvægt að ná utan um það hvaða einstaklingar deila líf skjörum.

Í skrárgögnunum eru upplýsingar um það hvort einstaklingar deila lögheimili. Gögnin innihalda einnig fjölskyldunúmer frá skattayfirvöldum annars vegar og Þjóðskrá hins vegar. Samkvæmt skilgreiningum skattayfirvalda teljast einstaklingar sjálfstætt heimili frá 16 ára aldri en frá sjónarhorni Þjóðskrár frá 18 ára aldri. Auk þess raðar Hagstofan einstaklingum saman í fjölskyldur fram að 25 ára aldri ef einstaklingur deilir heimilisfangi með sömu einstaklingum og hann gerði fyrir 18 ára aldur. Hér er byggt á þeirri skilgreiningu, þ.e. fólk telst inn á heimili út frá opinberum skráum til 18 ára aldurs, og ef fólk er á aldrinum 18-25 ára er því raðað inn í fyrri fjölskyldur ef það deilir enn lögheimili með fólki sem það deildi áður fjölskyldunúmeri með samkvæmt þjóðskrá.

2.2.2 Jafngildiskvarðar og lágtekjumörk

Lágtekjumörk eru skilgreind út frá jafngildum ráðstöfunartekjum sem eru fengnar með því að leggja saman allar tekjur allra meðlima sömu fjölskyldu (sjá skilgreiningu í kafla 2.2.1),

skattar og skyldur dregnar frá og því sem eftir stendur er deilt aftur á milli með svokölluðum jafngildiskvarða.

Algengast er að nota svokallaðan *breyttan jafngildiskvarða OECD* (e. Modified OECD equivalence scale) og er sá kvarði nýttur hér. Samkvæmt *breytta jafngildiskvarða OECD* fær fyrsti einstaklingur í hverri fjölskyldu sem er 14 ára eða eldri, vægið 1, en aðrir einstaklingar eldri en 14 ára fá vægið 0,5. Að lokum fá allir einstaklingar undir 14 ára aldri vægið 0,3.

Dæmi 1. Ef barnlaust par hefur 700.000 kr. á mánuði í ráðstöfunartekjur (hvor einstaklingur hefur 350.000 kr.) fær það jafngildið $1+0,5 = 1,5$ og jafngildar ráðstöfunartekjur hvors þeirra eru þá $700.000/1,5 = 466.667$ krónur á mánuði.

Dæmi 2. Ef par með tvö börn undir 14 ára aldri hefur sömu ráðstöfunartekjur þá fær það jafngildið $1+0,5+2*(0,3)=2,1$, og jafngildar ráðstöfunartekjur hvers fjölskyldumeðlims (þ.m.t. barnanna) eru $700.000/(2,1) = 333.333$ krónur á mánuði.


Jafngildiskvarðar eiga að endurspeglar mismunandi útgjaldaþörf og stærðarhagkvæmni mismunandi fjölskyldna. Fjölskyldan í *dæmi 2* hefur meiri útgjaldaþörf vegna þess að hún inniheldur fleiri einstaklinga og efnahagsstaða hennar er því lakari en fjölskyldunnar í *dæmi 1* þrátt fyrir að tekjur séu þær sömu. Tekið er tillit til stærðarhagkvæmni og samneyslu með misjöfnu vægi einstaklinga. Ef einstaklingarnir í *dæmi 1* tilheyrðu sitt hvorri fjölskyldunni væru jafngildar ráðstöfunartekjur hvors þeirra lægri, þ.e. 350.000 kr. í stað 466.667 kr. Ýmsar leiðir eru farnar til að reikna út jafngildiskvarða. Þó má vísa til nýlegar greinar Guðrúnar Svavarsdóttur og félaga⁴ sem bendir til að *hinn breytti jafngildiskvarði OECD* vanmeti nokkuð stærðarhagkvæmni í rekstri fjölskyldna.

Við skilgreiningu lágtekjumarka kom í ljós að allnokkur hópur fjölskyldna hefur neikvæðar ráðstöfunartekjur sem eru tilkomnar vegna eftirágreiddra skatta. Á meðal þeirra eru einstaklingar og fjölskyldur sem raunar höfðu nokkuð háar tekjur fyrir þann frádrátt og eiga því ekki með réttu heima undir lágtekjumörkum.

Því var ákveðið að víkja frá þeirri skilgreiningu á lágtekjumörkum sem Hagstofa Íslands og Eurostat notast við, sem miðar við tekjur undir 60% af miðgildi jafngildra ráðstöfunartekna, og notast heldur við jafngildar heildartekjur enda næði það betur utan um lágtekjuhópana.

⁴ Svavarsdóttir, G., Clark, A. E., Stefansson, G. og Asgeirsdóttir, T. L. (2024). Where does money matter more? *Journal of Economic Behavior & Organization*, 221, 350-365.
<https://doi.org/10.1016/j.jebo.2024.03.023>

Mynd 2.1. Lágtekjuhlutföll innflytjenda samkvæmt mismunandi skilgreiningum.



Að miða lágtekjumörk við heildartekjur fremur en ráðstöfunartekjur kallar hins vegar á endurskoðun hlutfallsins af miðgildinu sem við miðum við til að forðast að metið umfang fátæktar stýrist að mestu leyti af vali á aðferðafræði. Við skilgreindum þrenn mörk, það er 50%, 55% og 60% af miðgildi jafngildra heildartekna og bárum saman þróun hefðbundinna lágtekjumarka (60% af miðgildi jafngildra ráðstöfunartekna). Þróunin yfir tíma er nokkurn veginn sú sama ef horft er til hinnar hefðbundnu skilgreiningar og ef miðað er við 55% af miðgildi jafngildra heildartekna (sjá mynd 2.1). Það er því skilgreiningin á lágtekjumörkum sem er notuð í þessari skýrslu. Einstaklingar sem eru með jafngildar heildartekjur undir þessum lágtekjumörkum eru þá taldir búa við eða vera í hættu á fátækt.

2.2.3 Innflytjendur og uppruni

Einstaklingar eru skilgreindir sem innflytjendur í samræmi við skilgreiningar Hagstofu Íslands, það er þeir einstaklingar sem fæddust utan Íslands og eiga báða foreldra fædda utan Íslands. Önnur kynslóð innflytjenda er jafnframt skilgreind í samræmi við skilgreiningu Hagstofu Íslands, það er einstaklingar sem fæddust á Íslandi en eiga báða foreldra fædda erlendis.

Í sumum tilfellum eru gögnin greind með hliðsjón af uppruna innflytjenda. Af persónuverndarástæðum er hins vegar ekki hægt að greina gögnin út frá fæðingarlöndum einstaklinga, nema í tilviki Póllands. Því er gripið til þess að flokka uppruna eftir landssvæðum. Við þá flokkun var leitast við að setja saman í flokk lönd sem eru landfræðilega og menningarlega skyld, en í sumum tilvikum reyndist nauðsynlegt að víkja frá því sjónarmiði vegna fámennis einstakra hópa. Í töflu 2.2 má sjá hvernig löndum er

raðað í svæðisbundna upprunahópa en nánari skýringar eru á skammstöfun landa í viðhengi A.

Tafla 2.2. Flokkun landa í upprunasvæði.


Svæði	Lönd
Pólland	PL
Eystrasaltslöndin	EE, LT og LV
Norðurlönd	DK, FI, FO, GL, NO og SE
Vestur-Evrópa	AT, BE, CH, DE, FR, LI, LU, MC og NL
Bretlandseyjar	GB, GG og IE
Suður-Evrópa	AD, CY, ES, GI, GR, IL, IT, MT, PT og SM
Balkanskaginn	AL, BA, HR, MD, ME, MK, RS, XK og YU
Austur-Evrópa	BG, BY, CZ, HU, QZ, RO, RU, SI, SK, SU og UA
MENA (Mið austurlönd og Norður-Afríka), Tyrkland og Kákasus	AE, AM, AZ, DJ, DZ, EG, GE, IQ, IR, JO, KW, LB, LY, MA, OM, PS, QA, SA, SY, TN, TR og YE
Afríka	AO, BF, BI, BW, CD, CF, CG, CI, CM, CV, EH, ER, ET, GA, GH, GM, GN, GQ, GW, KE, LR, LS, MG, ML, MR, MU, MW, MZ, NE, NG, RW, SD, SL, SN, SO, SS, TD, TG, TZ, ZA, ZM, ZR, ZW
Mið- og Suður-Asía	AF, BD, IN, KG, KZ, LK, MV, NP, PK, TJ, TM og UZ
Suðaustur-Asía, meginland	KH, LA, MM, TH og VN
Austur-Asía	CN, HK, JP, KR, MN, TW
Suðaustur-Asía og Eyjaálfa	BN, FJ, ID, MY, PG, PH, SB, SG og TO
BNA, Kanada, Ástralía og NZ	AU, CA, NZ, PM og US
Mið- og Suður-Ameríka	AG, AR, AW, BB, BM, BO, BR, BS, BZ, CL, CO, CR, CU, CW, DM, DO, EC, GT, GY, HN, HT, JM, LC, MX, NI, PA, PE, PY, SR, SV, TT, UY, VC og VE
Óþekkt	Óþekkt

3. Fátækt á meðal innflytjenda á Íslandi

3.1 Fjöldi innflytjenda

Innflytjendur eru ört stækkandi hópur á Íslandi. Mynd 3.1 sýnir fjölda innflytjenda og innflytjendur sem hlutfall mannfjöldans árin 2000-2023. Árið 2000 voru 6.803 innflytjendur hér á landi eða um 2,5% íbúa. Árið 2023 voru þeir orðnir 53.271 eða 15,4% landsmanna og hefur fjöldi þeirra því áttfaldast á tæpum aldarfjórðungi.⁵

Mynd 3.1. Fjöldi innflytjenda og innflytjendur sem hlutfall mannfjöldans árin 2000-2023.




3.2 Þróun lágtekjuhlutfalls og lágtekjubils á meðal innflytjenda

Í kafla 2.2.2 var farið yfir skilgreiningu lágtekjumarka. Lágtekjuhlutfall telur fjölda einstaklinga sem eru fyrir neðan lágtekjumörk á tilteknum tímapunkti sem hlutfall af mannfjöldanum. Lágtekjuhlutföll á meðal innflytjenda eru á ári hverju þó nokkuð hærri en hjá fólki með íslenskan bakgrunn (sjá mynd 3.2). Árið 2023 voru 19,5% innflytjenda undir lágtekjumörkum miðað við 7,9% þeirra sem eru með íslenskan bakgrunn. Þegar litið er á þróunina á meðal fólks með íslenskan bakgrunn hefur lágtekjuhlutfallið lækkað nokkuð jafnt og þétt frá árinu 2000 þegar það var 11,5%. Hlutfallið á meðal innflytjenda hefur aftur á móti verið breytilegra yfir tímabilið og fór hæst í 20,5% árið 2008 og lægst niður í 15,2% árið 2012.

⁵ Tölur um fólksfjölda, sem og aðrar tölur í skýrslu, byggja á afmörkuðu gagnasetti eins og lýst er í kafla 2.1.


Mynd 3.2. Árlegt lágtekjuhlutfall 2000-2023 eftir bakgrunni.



Lágtekjuhlutfall mælir einungis hversu stór hluti einstaklinga býr undir ákveðnum tekjumörkum, en gefur ekki upplýsingar um hversu langt frá þeim mörkum viðkomandi er. Til að varpa betra ljósi á dýpt fátæktar er oft notast við mælikvarðann lágtekjubíl. Lágtekjubíl er skilgreint sem munurinn á miðgildi tekna þeirra sem eru í lágtekjuhópnum og lágtekjumörkunum sem hlutfall af þeim mörkum. Því meira sem lágtekjubíl er, því dýpri er fátæktin – það er, tekjur þeirra sem búa við fátækt eru að jafnaði lægri.

Mynd 3.3 ber saman lágtekjubílið eftir bakgrunni fyrir árin 2000-2023. Lágtekjubílið er meira fyrir innflytjendur en fólk með íslenskan bakgrunn öll árin sem eru hér til skoðunar. Innflytjendur eru því ekki eingöngu líklegri til að búa við fátækt en fólk með íslenskan bakgrunn heldur er fátækt þeirra einnig dýpri. Árin eftir hrun minnkaði lágtekjubílið nokkuð skarpt á meðal innflytjenda og bílið á milli hópanna minnkaði. Undanfarin ár hefur dýpt fátæktar á meðal innflytjenda þó aukist á ný og munurinn á milli hópanna farið vaxandi.

Mynd 3.3 Lágtekjubil fólks undir lágtekjumörkum eftir bakgrunni.




4. Lýðfræði og bakgrunnur innflytjenda

4.1 Lýðfræði og uppruni

Árið 2000 bjuggu einstaklingar frá um 130 löndum á Íslandi og kom stærsti hópurinn frá hinum Norðurlöndunum eða 18,5%. Árið 2023 voru innflytjendur frá nærri 200 löndum hér á landi og Pólverjar eru nú langfjölmennasti hópurinn eða 34,6%. Um 60% innflytjenda sem búa á Íslandi í dag eru frá Austur-Evrópu, m.a. Eystrasaltsríkjunum og Balkanskaga, auk Póllands (sjá mynd 4.1). Upplýsingar um flokkun upprunalanda eru í kafla 2.2.3.

Mynd 4.1. Samsetning innflytjenda á Íslandi árin 2000 og 2023 eftir uppruna.



Tafla 4.1 sýnir helstu lýðfræðilegu einkenni innflytjenda eftir uppruna árið 2023. Lýðfræðibreytur svo sem aldur og kyn hafa þekkt áhrif á tekjur fólks og því mikilvægt að hafa í huga hver samsetning hópsins er þegar tekjur og lágtekjuhlutföll eru borin saman. Auk þess er líklegt að dvalartími sé mikilvægur áhrifaþáttur þegar kemur að inngildingu innflytjenda og því getur ólíkur dvalartími á milli hópa haft áhrif á líkurnar á fátækt. Fjölskyldugerð hefur bein áhrif á útreikning lágtekjumarkanna, líkt og fjallað var um í kafla 2.2.1, þar sem tekjur heimilisins eru lagðar saman og miðað við fjölda heimilismanna. Í einhverjum tilvikum kunna innflytjendur að styðja fjárhagslega við fjölskyldur sínar sem búa erlendis. Fjölskyldur þeirra eru þá ekki skráðar í Hagstofugögnunum og getur það orðið til þess að lágtekjuhlutfall sé í sumum tilfellum vanmetið á meðal innflytjenda.

Tafla 4.1. Innflytjendur á Íslandi 2023: Einkenni eftir uppruna (upplýsingar um fjölskyldugerð eru frá árinu 2022).

	Meðal- aldur	Konur %	Meðal dvalar- lengd (ár)	Ein- hleypir	Einstæðir foreldrar	Barnlaus pör	Pör með börn
Ísland	39,0	49,5%		22,8%	10,5%	19,0%	47,7%
Afríka	37,1	47,6%	8,9	40,8%	14,5%	8,6%	36,0%
Austur-Asía	44,6	65,6%	14,2	31,6%	5,8%	26,5%	36,1%
Austur-Evrópa	37,0	49,2%	6,0	50,5%	6,1%	14,0%	29,4%
Balkanskaginn	37,6	40,4%	8,7	40,2%	4,0%	13,5%	42,3%
BNA, Kanada, Ástralía og NZ	41,9	52,1%	12,6	29,9%	4,2%	30,7%	35,2%
Bretlandseyjar	42,2	34,2%	13,4	41,9%	5,1%	20,5%	32,5%
Eystrasaltslöndin	37,9	42,1%	8,3	53,4%	9,2%	9,1%	28,3%
MENA, Tyrkland og Kákasus	34,3	38,8%	6,6	29,7%	8,0%	10,2%	52,1%
Mið- og Suður-Asía	33,7	45,4%	7,4	26,0%	3,5%	12,3%	58,3%
Norðurlöndin	46,1	59,7%	19,8	30,7%	6,2%	23,4%	39,7%
Óþekkt	40,1	33,8%	9,7	65,7%	4,6%	8,7%	21,0%
Pólland	37,6	44,6%	9,2	49,5%	7,7%	11,4%	31,3%
Suðaustur Asía meginland	42,6	66,8%	14,8	29,0%	11,9%	24,2%	34,9%
Suðaustur Asía og Eyjaálfa	42,2	67,0%	14,6	29,6%	6,9%	22,0%	41,5%
Suður- og Mið- Ameríka	36,4	54,5%	7,1	34,8%	9,7%	17,4%	38,1%
Suður-Evrópa	35,7	39,7%	7,2	58,5%	7,7%	8,6%	25,3%
Vestur-Evrópa	42,2	59,2%	13,6	45,9%	5,7%	16,8%	31,6%


Einkenni innflytjenda eru nokkuð breytileg eftir upprunasvæðum. Þannig eru íbúar frá Austur-Asíu að meðaltali eldri (44,6 ára), með hátt hlutfall kvenna (65,6%) og tiltölulega langan meðaldvalartíma (14,2 ár). Á hinn bóginn eru einstaklingar frá MENA-ríkjum, Tyrklandi og Kákasus að meðaltali yngri (34,3 ára), með lægra hlutfall kvenna (38,8%) og styttri dvalartíma (6,6 ár).

Á meðal fólks með íslenskan bakgrunn eru 22,8% einhleypir og 47,7% búa með maka og börnum. Innflytjendur eru almennt mun líklegri til að vera einhleypir og ólíklegri til að búa með maka og börnum. Hér ber þó að hafa í huga að í einhverjum tilfellum kann að vanta skráningu á fjölskyldutengslum innflytjenda í gögnum Hagstofunnar. Hæst hlutfall einhleypra er á meðal innflytjenda frá Suður- og Austur-Evrópu (58,5% og 50,5%), á meðan hlutfallið er mun lægra til að mynda hjá innflytjendum frá MENA-ríkjum, Tyrklandi og Kákasus (29,7%), þar sem rúmlega helmingur (52,1%) býr með maka og börnum.


4.2 Lágtekjuhlutföll og lágtekjubil eftir uppruna

Mynd 4.2 sýnir lágtekjuhlutföll fyrir innflytjendur eftir uppruna þeirra og mynd 4.3 sýnir lágtekjubilíð. Þó nokkur munur er á lágtekjuhlutfalli og dýpt fátæktar eftir upprunalandi innflytjenda. Staðan er verst á meðal innflytjenda frá Austur-Asíu, en í þeim hópi eru 28,0% undir lágtekjumörkum og lágtekjubilíð í þessum hópi er einnig mest, eða tæplega 60.000 kr.

Mynd 4.2. Lágtekjuhlutfall eftir uppruna árið 2023.



Mynd 4.3. Lágtekjubil eftir uppruna árið 2023.



Næst á eftir kemur Vestur-Evrópa þar sem lágtekjuhlutfallið er 26,5% og lágtekjubilið tæplega 50.000 kr. Um 35% innflytjenda á Íslandi koma frá Póllandi. Í þeim hópi er lágtekjuhlutfallið töluvert lægra, eða rétt rúmlega 15%, og lágtekjubilið einnig minna, eða um 26.000 ISK.

Breytt samsetning í hópi innflytjenda

Tafla 4.2 sýnir kynja- og aldursdreifingu meðal innflytjenda og fólks með íslenskan bakgrunn árin 2013 og 2023. Á meðal innflytjenda hafa lágtekjuhlutföll hækkað í öllum aldurshópum á tímabilinu en á sama tíma hafa hlutföllin lækkað á meðal fólks með íslenskan bakgrunn.

Tafla 4.2. Kynja- og aldursamsetning innflytjenda 2013 og 2023 og lágtekjuhlutföll mismunandi hópa.

	Íslenskur bakgrunnur				Innflytjendur			
	Samsetning hóps		Lágtekjuhlutfall		Samsetning hóps		Lágtekjuhlutfall	
	2013	2023	2013	2023	2013	2023	2013	2023
<18 ára	25,4%	22,8%	12,3%	8,8%	8,3%	5,2%	14,9%	22,2%
18-24 ára	10,6%	9,2%	20,4%	12,6%	8,0%	7,4%	24,2%	32,1%
25-34 ára	12,6%	13,4%	22,5%	15,9%	28,3%	29,2%	18,3%	22,5%
35-44 ára	11,9%	12,4%	9,2%	8,0%	26,1%	26,2%	13,4%	16,9%
45-54 ára	13,1%	11,7%	7,0%	5,3%	16,4%	18,1%	11,8%	13,8%
55-66 ára	14,0%	14,8%	4,9%	4,4%	9,2%	10,7%	13,7%	16,3%
>66 ára	12,4%	15,8%	4,1%	2,5%	3,6%	3,3%	14,5%	22,3%
Karlar	50,0%	50,5%	11,4%	8,1%	46,2%	52,4%	14,3%	18,5%
Konur	50,0%	49,5%	11,2%	7,8%	53,8%	47,6%	16,7%	20,6%

Lágtekjuhlutfallið er hæst á meðal ungs fólks. Á meðal barna í hópi innflytjenda er lágtekjuhlutfallið 22,5% og 32,1% á meðal 18-24 ára. Á meðal barna með íslenskan bakgrunn er hlutfallið 8,8% og 12,6% í aldurshópnum 18-24 ára. Á meðal innflytjenda er lágtekjuhlutfallið lægst í aldurshópnum 45-54 ára, þar sem það er 16,9% en á meðal fólks með íslenskan bakgrunn er hlutfallið lægst hjá elsta aldurshópnum, þ.e. eldri en 66 ára, þar sem það er 2,5%.

Tafla 4.3 sýnir hvernig hlutfallsleg samsetning innflytjenda eftir upprunalöndum hefur breyst á árunum 2013 til 2023, ásamt þróun lágtekjuhlutfalla innan hvers hóps. Lágtekjuhlutföllin og þróun þeirra hefur verið þó nokkuð mismunandi á milli hópa. Lágtekjuhlutfallið er hæst á meðal innflytjenda frá Austur-Asíu, en það er þó einnig sá hópur sem hefur séð mestu lækkun í lágtekjuhlutfallinu í prósentustigum frá árinu 2013. Lágtekjuhlutfallið hefur aftur á móti hækkað mest á meðal innflytjenda frá MENA,

Tyrklandi og Kákasus, eða úr 15,1% í 26,3%. Á meðal stærstu hópanna hefur lágtekjuhlutfallið einnig hækkað þó nokkuð. Á meðal innflytjenda frá Póllandi hefur hlutfallið hækkað úr 11,2% í 15,1% og hjá innflytjendum frá Austur-Evrópu hefur það hækkað úr 20,0% í 26,0%

Tafla 4.3. Dreifing innflytjenda eftir upprunasvæði árin 2013 og 2023 og lágtekjuhlutföll mismunandi hópa.

	Samsetning hóps		Lágtekjuhlutfall	
	2013	2023	2013	2023
Pólland	39,0%	35,1%	11,2%	15,1%
Eystrasaltslöndin	8,2%	8,5%	21,6%	23,8%
Norðurlöndin	5,0%	2,2%	16,7%	17,9%
Vestur-Evrópa	5,7%	4,1%	20,4%	26,5%
Bretlandseyjar	2,6%	1,9%	19,5%	20,2%
Suður-Evrópa	3,2%	5,1%	22,1%	24,1%
Balkanskaginn	3,0%	4,1%	13,6%	19,5%
Austur-Evrópa	6,3%	12,0%	20,0%	26,0%
MENA, Tyrkland og Kákasus	2,0%	4,3%	15,1%	26,3%
Afríka	1,9%	2,4%	22,7%	16,4%
Mið- og Suður-Asía	1,5%	2,0%	17,4%	20,6%
Suðaustur-Asía, meginland	6,4%	4,1%	13,6%	12,6%
Austur-Asía	1,7%	1,1%	35,8%	28,0%
Suðaustur-Asía og Eyjaálfa	6,4%	4,3%	10,3%	8,8%
BNA, Kanada, Ástralía og NZ	2,7%	2,2%	22,0%	23,0%
Suður- og Mið-Ameríka	2,8%	4,4%	22,8%	22,9%
Óþekkt	1,7%	2,3%	12,1%	23,2%

Tafla 4.4 sýnir samsetningu hóps innflytjenda árin 2013 og 2023 eftir dvalarlengd ásamt lágtekjuhlutföllum fyrir hvern hóp. Hlutfall þeirra sem hafa dvalið á Íslandi í þrjú ár eða skemur hefur hækkað verulega, úr 16,1% árið 2013 í 28,2% árið 2023. Þessi hópur hefur jafnframt hæsta lágtekjuhlutfallið og hefur það hækkað úr 25,9% árið 2013 í 32,1% árið 2023.

Tafla 4.4. Dreifing innflytjenda eftir dvalarlengd árin 2013 og 2023 og lágtekjuhlutföll mismunandi hópa.

	Samsetning hóps		Lágtekjuhlutfall	
	2013	2023	2013	2023
1-3 ár	16,1%	28,1%	25,9%	32,1%
4-6 ár	30,7%	23,9%	15,1%	18,4%
7-10 ár	18,0%	13,7%	13,4%	15,9%
11-15 ár	18,2%	10,5%	13,7%	13,7%
>15 ár	17,0%	23,7%	11,1%	10,3%

5 Staða á vinnumarkaði

5.1 Starfandi og atvinnulausir

Til að gera sér grein fyrir efnahagslegri stöðu innflytjenda er mikilvægt að átta sig á stöðu þeirra á vinnumarkaði. Innflytjendur á Íslandi eru almennt mjög virkir á vinnumarkaði. Í skrárgögnum Hagstofunnar má sjá að árið 2023 voru 88,1% innflytjenda á aldrinum 18-66 ára starfandi. Á meðal fólks með íslenskan bakgrunn var hlutfallið 86,7%.

Í skáargögnunum er einstaklingur skilgreindur sem atvinnulaus ef hann fær einhverjar atvinnuleysisbætur á árinu. Einhverjir einstaklingar teljast því bæði starfandi og atvinnulausir innan sama árs. Í töflu 5.1 má sjá að atvinnuleysi er töluvert meira á meðal innflytjenda en á meðal þeirra sem eru með íslenskan bakgrunn. Árið 2023 þáðu 13,3% innflytjenda einhverjar atvinnuleysisbætur á árinu samanborið við 4,0% fólks með íslenskan bakgrunn.

Tafla 5.1 Vinnumarkaður 18-66 ára árið 2023. Í starfi eru þeir sem hafa skráðan NACE kóða og atvinnuleysi er skilgreint út frá atvinnuleysisbótum.

Bakgrunnur		Í starfi (%)	Atvinnuleysi (%)
Innflytjendur	Alls	88,1	13,3
	Karlar	90,5	13,9
	Konur	85,4	12,6
Ísland	Alls	86,7	4,0
	Karlar	88,1	4,2
	Konur	85,3	3,8

Líkt og áður hefur komið fram getur sami einstaklingur bæði verið í starfi og þegið atvinnuleysisbætur innan sama árs. Tafla 5.2 sýnir dreifingu innflytjenda og lágtekjuhlutföll eftir því hvort einstaklingar voru starfandi á árinu og hvort þeir fengu atvinnuleysisbætur. Eins og við má búast er lágtekjuhlutfallið lægst meðal þeirra sem voru í starfi og ekki fengu atvinnuleysisbætur á árinu. Hlutfallið er hærra meðal þeirra sem voru ekki starfandi, og hefur það hækkað töluvert frá árinu 2013.

Á meðal þeirra sem fengu atvinnuleysisbætur og voru ekki skráðir starfandi innan ársins hefur lágtekjuhlutfallið aukist, bæði meðal innflytjenda og einstaklinga með íslenskan bakgrunn. Hlutfallið er þó umtalsvert hærra meðal innflytjenda (34,8% árið 2023) en meðal einstaklinga með íslenskan bakgrunn (25,3% árið 2023). Þá hefur hlutfall þeirra sem bæði voru í starfi og á atvinnuleysisbótum á árinu verið mun hærra meðal innflytjenda (11%) en einstaklinga með íslenskan bakgrunn (3,3%). Í þessum hópi var lágtekjuhlutfall innflytjenda 20,0% árið 2023, samanborið við 14,6% árið 2013.


Loks er lágtekjuhlutfallið hæst meðal þeirra sem hvorki voru í starfi né fengu atvinnuleysisbætur. Árið 2023 var hlutfallið 42,1% hjá innflytjendum en talsvert lægra, eða 16,0%, meðal einstaklinga með íslenskan bakgrunn.

Tafla 5.2. Dreifing og lágtekjuhlutföll eftir atvinnuþátttöku árin 2013 og 2023 (18-66 ára).

	Íslenskur bakgrunnur				Innflytjendur			
	Samsetning hóps		Lágtekjuhlutfall		Samsetning hóps		Lágtekjuhlutfall	
	2013	2023	2013	2023	2013	2023	2013	2023
Í starfi	79,8%	83,4%	10,8%	7,6%	74,3%	77,2%	13,5%	15,8%
Atv.laus og í starfi	5,7%	3,3%	15,1%	15,1%	12,5%	10,9%	14,6%	20,0%
Atv.laus	1,4%	0,7%	21,5%	25,3%	4,0%	2,4%	17,4%	34,8%
Ekki í starfi og ekki atv.laus	13,1%	12,6%	20,0%	16,0%	9,2%	9,5%	33,9%	42,1%


Mynd 5.1 sýnir hlutfall þeirra sem hafa fengið atvinnuleysisbætur á árunum 2000-2023 eftir bakgrunni. Á árunum 2000-2007 var hlutfallið mjög áþekkt á milli hópanna en bilið á milli innflytjenda og fólks með íslenskan bakgrunn jókst umtalsvert í kjölfar hrunsins og hefur sá munur haldist síðan.

Mynd 5.1. Hlutfall þeirra sem fengu atvinnuleysisbætur 2000-2023 eftir bakgrunni.



Mynd 5.2 sýnir hlutfall atvinnulausra á meðal innflytjenda eftir dvalartíma. Á myndinni sést að hlutfallið er hæst á meðal þeirra sem hafa verið á Íslandi í 4-6 ár, en lækkar svo nokkuð skarpt með dvalartíma. Hlutfallið er þó alltaf töluvert yfir hlutfalli atvinnulausra á meðal þeirra sem hafa íslenskan bakgrunn.


Mynd 5.2. Hlutfall atvinnulausra á meðal innflytjenda eftir dvalartíma árið 2023.



5.2 Atvinnugreinar


Upplýsingar um það í hvaða atvinnugreinum innflytjendur starfa varpa enn frekari ljósi á efnahagslega stöðu hópsins. Mynd 5.3 sýnir hlutfall í mismunandi atvinnugreinum eftir bakgrunni. 28,8% innflytjenda vinna við *Framleiðslu* eða *Byggingar og mannvirki* en á meðal fólks með íslenskan bakgrunn er hlutfallið 15,2%. Atvinnugreinarnar *Gisting og veitingar* og *Leigustarfsemi, sérhæfð þjónusta* tilheyra að stórum hluta ferðapjónustunni á Íslandi. 25,9% innflytjenda starfa í þessum atvinnugreinum samanborið við 7,3% þeirra sem eru með íslenskan bakgrunn. Á hinn bóginn starfa rúmlega 35% fólks með íslenskan bakgrunn í *Opinberri stjórnsýslu, Fræðslustarfsemi, og Heilbrigðis- og félagsþjónustu*, en á meðal innflytjenda er þetta hlutfall tæplega 18%. Það má því sjá að vinnumarkaður innflytjenda og fólks með íslenskan bakgrunn er nokkuð ólíkur.

Mynd 5.3. Hlutfall starfandi í hverri atvinnugrein árið 2023 eftir uppruna.




Mynd 5.4 sýnir þessi hlutföll á meðal starfandi karlmannna. Rúmlega 40% karlmannna í hópi innflytjenda vinna við Framleiðslu eða Byggingar og mannvirki og tæplega 23% í Gisting og veitingar eða Leigustarfsemi. Á meðal karlmannna með íslenskan bakgrunn eru þessi hlutföll þó nokkuð lægri, eða 24% í Framleiðslu og Byggingar og mannvirki, og rúmlega 8% starfa í Gisting og veitingar eða Leigustarfsemi.

Mynd 5.4. Hlutfall starfandi karla í hverri atvinnugrein árið 2023 eftir uppruna.



Atvinnudreifing kvenna eftir uppruna sýnir einnig nokkuð ólíkt mynstur eftir bakgrunni (sjá mynd 5.5). Hjá konum með íslenskan bakgrunn starfa 53,1% í Opinberri stjórnsýslu, Fræðslustarfsemi eða Heilbrigðis-og félagsþjónustu. Þó hlutfallið sé umtalsvert lægra á meðal kvenna í hópi innflytjenda, starfar þó einnig hátt hlutfall kvenna í hópi innflytjenda við þessar atvinnugreinar, eða 30,9%. Um þriðjungur kvenna í hópi innflytjenda starfar við Gistingu, Veitingar eða Leigustarfsemi samanborið við 6,3% kvenna með íslenskan bakgrunn. 14,5% kvenna í hópi innflytjenda starfa við Framleiðslu, en hjá konum með íslenskan bakgrunn er hlutfallið 4,8%.

Mynd 5.5. Hlutfall starfandi kvenna í hverri atvinnugrein árið 2023 eftir uppruna.



Tafla 5.3 sýnir hlutfallslega dreifingu starfandi innflytjenda eftir starfsgreinum árin 2013 og 2023, ásamt lágtekjuhlutfalli á meðal innflytjenda í hverri starfsgrein. Vægi Framleiðslu hefur dregist saman síðustu ár en á hinn bóginn er nú töluvert hærra hlutfall innflytjenda sem starfar við Byggingar og mannvirki og Gistingu og veitingar. Lágtekjuhlutföll eru nokkuð ólík eftir starfsgreinum og hafa auk þessa þróast með mismunandi hætti síðustu 10 ár.

Í starfsgreininni Byggingar og mannvirki hefur lágtekjuhlutfallið hækkað úr 12,6% árið 2013, í 20,7% árið 2023. Lágtekjuhlutfallið í starfsgreininni Gisting og veitingar hefur hins vegar aðeins lækkað, en er þó mjög hátt (23,2%). Í Framleiðslu er lágtekjuhlutfallið mun lægra en hefur þó hækkað úr 8,7% í 10,9% á tímabilinu.

Tafla 5.3. Dreifing starfandi innflytjenda (18-66 ára) eftir starfsgreinum og lágtekjuhlutföll þeirra árin 2013 og 2023. Ekki eru sýnd lágtekjuhlutföll fyrir hópa sem telja færri en 100 einstaklinga.

	Samsetning hóps		Lágtekjuhlutföll	
	2013	2023	2013	2023
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	3,5%	2,0%	18,9%	17,9%
Námugróftur og vinnsla	0,1%	0,1%	-	-
Framleiðsla	28,6%	17,3%	8,7%	10,9%
Rafmagns, gas og vatnsveitur	0,1%	0,1%	-	-
Vatnsveita, fráveita og úrgangur	0,7%	0,8%	5,4%	6,9%
Byggingar og mannvirki	4,5%	11,5%	12,6%	20,7%
Vélknúin ökutæki	9,4%	10,4%	14,4%	17,8%
Flutningar og geymsla	4,4%	6,4%	12,0%	9,2%
Gisting og veitingar	12,8%	16,1%	24,7%	23,2%
Upplýsingar og fjarskipti	1,8%	1,4%	6,5%	8,9%
Fjármál og tryggingar	0,6%	0,3%	-	9,4%
Fasteignaviðskipti	0,4%	0,5%	-	29,4%
Sérfræði, vísindi og tækni	1,7%	1,6%	12,4%	15,7%
Leigustarfsemi, sérhæfð þjónusta	7,9%	9,8%	17,2%	20,0%
Opinber stjórnsýsla, almannatryggingar	2,1%	2,0%	13,8%	11,4%
Fræðslustarfsemi	8,4%	7,5%	13,9%	13,5%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	9,6%	8,4%	9,0%	10,7%
Menning, íþróttir, tómstundir	1,8%	1,5%	23,8%	27,0%
Félagastarfsemi, önnur þjónusta	1,8%	2,2%	15,0%	19,2%
Annað	0,1%	0,0%	-	-

Í töflu 5.4 skoðum við nánar tölfræði fyrir helstu atvinnugreinar á meðal innflytjenda. Meðaldvalartími er nokkuð breytilegur á milli greina: Í *Byggingar- og mannvirkjagerð*, *Gistingu og veitingarekstri* og *Leigustarfsemi* er meðaldvalartími innan við sjö ár, en í *Fræðslu- og heilbrigðisstarfsemi* er hann talsvert lengri, eða um 13 ár. Á meðal innflytjenda sem starfa í *Gistingu og veitingarekstri* fluttu 44,4% til landsins á síðustu þremur árum.

Líkt og kom fram áður getur einstaklingur verið atvinnulaus og starfandi innan sama árs. Dálkurinn „Hlutfall atvinnulausra“ sýnir hlutfall þeirra sem fengu einhverjar atvinnuleysisbætur innan ársins. Í gistingu og veitingarekstri er hlutfallið 18,3% og 19,0% í leigustarfsemi. Þetta hlutfall er aftur á móti innan við 6% á meðal þeirra sem starfa við *Fræðslustarfsemi* og *Heilbrigðis- og félagsþjónustu*.


Tafla 5.4. Tölfræði fyrir helstu atvinnugreinar innflytjenda árið 2023.

	Hlutfall innflytj- enda	Lágtekju- hlutfall á meðal innflytj- enda	Lágtekju- hlutfall á meðal fólks með ísl. bakgrunn	Meðal dvalar- lengd	Hlutfall ≤ 3 ár	Hlutfall atvinnu- lausra (innfl.)	Konur hlutfall (innfl.)
Framleiðsla	17,3%	10,9%	5,7%	9,4	26,7%	8,1%	38,4%
Byggingar og mannvirki	11,5%	20,7%	9,7%	6,6	35,7%	14,1%	3,7%
Vélknúin ökutæki	10,4%	17,8%	9,3%	9,4	25,0%	12,9%	40,4%
Gisting og veitingar	16,1%	16,1%	15,6%	6,1	44,4%	18,3%	54,9%
Leigustarfsemi, sérhæfð þjónusta	9,8%	20,0%	10,9%	7,0	37,4%	19,0%	48,4%
Fræðslustarfsemi	7,5%	13,5%	6,7%	12,6	16,7%	5,9%	82,1%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	8,4%	10,7%	8,7%	13,2	15,7%	5,6%	78,9%

6. Börn innflytjenda

Mynd 6.1 sýnir þróun í fjölda barna með innflytjendabakgrunn á árunum 2000 til 2023, annars vegar börn sem eru sjálf innflytjendur og hins vegar börn sem eiga foreldra sem eru innflytjendur en hafa sjálf fæðst á Íslandi, svokölluð önnur kynslóð innflytjenda. Árið 2023 voru 2.747 börn (þ.e. einstaklingar yngri en 18 ára) í hópi innflytjenda. Einstaklingar sem teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda eru einnig ört stækkandi hópur. Árið 2023 voru 6.484 einstaklingar í þessum hópi, þar af 5.617 á aldrinum 0-17 ára.⁶


Mynd 6.1. Fjöldi barna með innflytjendabakgrunn 2000-2023.



Mynd 6.2 sýnir þróun á hlutfalli barna sem búa við heimilistekjur undir lágtekjumörkum eftir bakgrunni. Hlutfallið er ávallt lægst á meðal barna með íslenskan bakgrunn og hefur þar að auki farið lækkandi síðustu ár og var komið niður í 8,0% árið 2023. Lágtekjuhlutfallið er hins vegar hæst á meðal barna sem teljast sjálf til innflytjenda. Það lækkaði töluvert í kjölfar efnahagshrunsins og fór lægst í 14,3% árið 2012 en hækkaði svo á ný og var komið í 22,2% árið 2023. Hjá börnum sem teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda lækkaði lágtekjuhlutfallið einnig hratt eftir 2007 og fór niður í 12,1% árið 2014. Það hefur svo verið á bilinu 12-14% síðustu ár.

⁶ Tölur um fjölda byggja á afmörkuðu gagnasetti, líkt og farið er yfir í kafla 2.1. Afmörkunin gagnanna leiðir til þónokkrar fækkunar í fjölda barna sem teljast til innflytjenda, en tölur um börn sem teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda breytast hins vegar mjög lítið

Mynd 6.2. Hlutfall barna sem búa við heimilistekjur undir lágtekjumörkum eftir bakgrunni 2000-2023.



Tafla 6.1 sýnir hvernig samsetning barna í hópi innflytjenda hefur breyst eftir lengd dvalar hér á landi, ásamt lágtekjuhlutföllum í hverjum hópi árin 2013 og 2023. Hlutfall þeirra barna sem hafa dvalið á Íslandi í þrjú ár eða skemur hefur farið úr 22,7% árið 2013 í 31,9% árið 2023. Um leið hefur lágtekjuhlutfall þessa hóps hækkað úr 25,1% í 34,9%. Lágtekjuhlutfallið er lægra meðal barna sem hafa dvalið hér í 4-6 ár en hefur engu að síður hækkað, úr 12,4% í 18,4%. Á meðal barna sem hafa dvalið hér í sjö ár eða lengur hefur hlutfallið farið úr 11,4% í 13,6%. Til samanburðar var lágtekjuhlutfall á meðal barna með íslenskan bakgrunn 11,7% árið 2013 og 8,0% árið 2023.

Mun lægri lágtekjuhlutföll á meðal barna sem hafa dvalið hér lengur, gefa vísbendingu um að efnahagsstaða barna batni með tímanum. Þó er hlutfallið hærra en hjá börnum með íslenskan bakgrunn, jafnvel á meðal þeirra barna sem hafa dvalið hér lengst. Þá ber einnig að hafa í huga að munur á lágtekjuhlutföllum eftir dvalartíma getur einnig skýrst af því að innflytjendur sem hafa nýverið komið til landsins séu frá öðrum upprunasvæðum, með aðra menntun og atvinnu, sem getur haft áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaði og þar með á tekjur fjölskyldunnar.

Tafla 6.1 Samsetning og lágtekjuhlutföll á meðal barna eftir dvalartíma og bakgrunni.

Dvalartími	Samsetning hóps		Lágtekjuhlutfall	
	2013	2023	2013	2023
1-3 ár	22,7%	31,9%	25,1%	34,9%
4-6 ár	49,8%	37,4%	12,4%	18,4%
> 7 ár	27,5%	30,7%	11,4%	13,6%
Íslenskur bakgrunnur			11,7%	8,0%

Tafla 6.2 sýnir samsetningu og stöðu barna í hópi innflytjenda eftir upprunasvæði 2013 og 2023. Árið 2013 var helmingur allra barna í hópi innflytjenda með uppruna í Póllandi. Þrátt fyrir að börn af pólskum uppruna séu enn langstærsti hópurinn innan innflytjendahópsins, hefur hlutfall þeirra dregist töluvert saman og árið 2023 tilheyrðu 30,8% barna í hópi innflytjenda þessum upprunahópi. Á sama tímabili hefur hlutfall barna frá MENA-ríkjum, Tyrklandi og Kákasus farið úr 1,9% í 13,2% og börn frá Austur-Evrópu eru nú 9,4% miðað við 5,3% árið 2013.

Lágtekjuhlutfallið er lægst á meðal barna sem koma frá Póllandi en hefur þó hækkað á tímabilinu úr 9,1% (2013) í 13,4% (2023). Lágtekjuhlutfallið er umtalsvert hærra, eða 38,0% og á meðal barna frá Austur-Evrópu er lágtekjuhlutfallið 29,2%.

Tafla 6.2. Börn í hópi innflytjenda árið 2023 eftir upprunasvæði. Ekki er sýnd tölfræði fyrir hópa sem telja færri en 100 einstaklinga.

	Samsetning hóps		Lágtekjuhlutfall		Meðalaldur		Meðaldvalartími	
	2013	2023	2013	2023	2013	2023	2013	2023
Pólland	50,8%	30,8%	9,1%	13,4%	11,0	12,0	5,2	7,1
Eystrasaltslöndin	12,3%	8,4%	21,1%	26,1%	11,1	11,2	5,1	6,3
Norðurlöndin	1,3%	1,6%		-		-		-
Vestur-Evrópa	1,8%	2,7%		-				
Bretlandseyjar	0,8%	2,4%		-		-		-
Suður-Evrópa	4,2%	7,3%		21,6%		11,2		5,4
Balkanskaginn	3,7%	5,0%		16,1%		10,9		5,3
Austur-Evrópa	5,3%	9,4%		29,2%		11,7		4,9
MENA, Tyrkland og Kákasus	1,9%	13,2%		38,0%		11,5		4,1
Afríka	1,0%	3,1%		-				
Mið- og Suður-Asía	1,8%	3,4%		-				
Suðaustur-Asía, meginland	2,9%	3,6%		-				
Austur-Asía	1,0%	0,5%		-		-		-
Suðaustur-Asía og Eyjaálfa	6,1%	2,3%	23,1%	-	13,3		6,2	
BNA, Kanada, Ástralía og NZ	1,6%	1,6%		-		-		-
Suður- og Mið-Ameríka	2,3%	4,8%		29,8%		11,7		3,3
Óþekkt	1,3%	0,2%		-		-		-

7. Aðhvarfsgreiningar


Við höfum séð að innflytjendur eru líklegri en fólk með íslenskan bakgrunn til að búa við tekjur undir lágtekjumörkum. Hins vegar þarf slíkur munur ekki að stafa af innflytjendastöðunni sem slíkri, heldur getur hann endurspeglað að samsetning innflytjendahópsins sé önnur en hjá innfæddum, til dæmis hvað varðar aldur, kynjahlutfall, fjölskyldugerð eða atvinnupátttöku. Til að fá skýrari mynd af því hvort og hve mikið líf skjör hópa greini sig að, að teknu tilliti til samsetningar þeirra, notum við aðhvarfsgreiningu (e. regression analysis). Sú aðferð gerir okkur kleift að leiðrétta fyrir ýmsum þáttum og einangra þannig áhrif uppruna sem best. Til dæmis eru börn og konur líklegri til að vera undir lágtekjumörkum óháð uppruna. Líkt og kom fram í kafla 4 er aldursdreifing og kynjahlutfall innflytjenda oft frábrugðin þeim sem hafa íslenskan bakgrunn. Með því að leiðrétta fyrir þessum þáttum getum við reynt að svara spurningunni: Hver væri munurinn á lágtekjuhlutfalli ef hóparnir væru sambærilegir að þessu leyti?

Þegar við berum saman tekjur ólíkra hópa er yfirleitt talið æskilegt að stýra fyrir menntun, atvinnugrein og starfi. Þá er leitast við að bera saman tekjur sambærilegra einstaklinga með tilliti til þessara þátta, og einangra þannig betur hvaða áhrif uppruni eða innflytjendastaða hefur á líf skjör, óháð öðrum mælanlegum breytum. Þó ber að hafa í huga að slík greining hefur takmarkanir. Til að mynda eru ákveðnir þættir sem hafa áhrif á líf skjör en ekki er hægt að mæla eða stýra fyrir í þeim gögnum sem við höfum. Þetta er til að mynda starfsreynsla, viðhorf, gildi og viðmið. Niðurstöður aðhvarfsgreininga byggja þannig á samanburði einstaklinga sem eru sambærilegir að því marki sem við höfum gögn til, en ekki endilega að öllu leyti. Þar að auki er mögulegt að einhverjar stýribreytur leiðrétti fyrir tekjumun sem mætti rekja til bakgrunns. Til að mynda, ef aðgengi innflytjenda að ákveðnum störfum eða atvinnugreinum er takmarkað, til að mynda vegna tungumáls, tengslaneta, mismununar eða annarra hindrana, geta stýribreytur eins og atvinnugrein og starfsheiti „leiðrétt í burtu“ mun sem stafar að ójöfnum tækifærum eftir uppruna fólks.

Hér birtum við niðurstöðu úr tvíundargreiningu (e. binary logistic regression) sem spáir fyrir um líkurnar á því að vera undir lágtekjumörkum árið 2022. Árið 2022 varð fyrir valinu þar sem það er nýjasta árið í gögnunum sem inniheldur allar þær breytur sem við stýrum fyrir. Líkan 1 inniheldur aðeins skýringabreytuna, upprunasvæði í heiminum. Í líkani 2 stýrum við fyrir kyni, aldri, fjölskyldugerð, hvort fólk sé í námi og hvort það fái skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins sem og búsetu. Í þriðja líkaninu stýrum við að auki fyrir atvinnugrein.

Ástæðan fyrir því að búa til tvö líkön með stýribreytum, annað með og hitt án atvinnugreinar, er að ef innflytjendur hafa misgreiðan aðgang að ólíkum atvinnugreinum og ef það hefur áhrif á líf skjör þeirra þá værum við í raun að stýra að hluta fyrir mismunun þegar við stýrum fyrir atvinnugrein. Það myndi leiða til vanmats uppruna á lágtekjuhlutföll.

Mynd 7.1. Líkindi innflytjenda á að vera undir lágtekjumörkum í samanburði við fólk með íslenskan bakgrunn árið 2023 eftir uppruna.



Mynd 7.1 sýnir að þegar við stýrum fyrir ofangreindum lýðfræðilegum bakgrunnspáttum lækkar aðhvarfsgreiningarstuðullinn umtalsvert fyrir suma upprunahópa innflytjenda en ekki alla. Þannig hverfur til dæmis stuðullinn fyrir pólska innflytjendur sem bendir til þess að þegar tekið er tillit til lýðfræðilegra þátta sem gera hópinn ólíkan fólki með íslenskan bakgrunn, búi pólskir innflytjendur ekki við auknar líkur á fátækt miðað við þá sem hafa íslenskan bakgrunn.

Munurinn á innflytjendahópum minnkar þó mest á meðal innflytjenda frá Suður-Evrópu, Eystrasaltsríkjum og Austur-Evrópu auk þeirra sem eru með óþekktan uppruna. Þá minnkar munurinn á innflytjendum frá Afríku, Vestur-Evrópu, Balkanskaga, Suður- og Mið-Ameríku og Bretlandseyjum markvert í samanburði við fólk með íslenskan bakgrunn þegar við stýrum fyrir lýðfræðilegum þáttum. Það eru aðeins innflytjendur frá hinum Norðurlöndunum sem búa við auknar líkur á fátækt þegar stýrt er fyrir lýðfræðilegum bakgrunnspáttum.

Þegar við stýrum fyrir atvinnugrein hefur það fremur takmörkuð áhrif á innflytjendur frá flestum upprunasvæðum. Innflytjendur frá þremur svæðum skera sig þó úr, það er 1) Austur-Asía; 2) MENA, Tyrkland og Kákasus; og 3) Bandaríkin, Kanada, Nýja-Sjáland og Ástralía. Líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum aukast hins vegar lítillega fyrir innflytjendur frá svæðunum tveimur í Suðaustur-Asíu þegar við stýrum fyrir atvinnugrein.

Við túlkum niðurstöðurnar þannig að lýðfræðilegir þættir skýri hluta þess munar sem mælist á lágtekjuhlutföllum milli innflytjenda og fólks með íslenskan bakgrunn, sérstaklega fyrir ákveðna upprunahópa. Hins vegar er töluverður hluti munarins áfram óútskýrður, jafnvel eftir að tekið hefur verið tillit til ýmissa þátta. Þessa niðurstöðu ber að

túlka með varfærni, þar sem greiningin byggir á takmörkuðum upplýsingum: ekki er leiðrétt fyrir menntun, sem hefur bein áhrif á tekjur og líf skjör; upplýsingar um fjölskyldugerð eru oft óáreiðanlegar í opinberum gögnum, sérstaklega fyrir nýlega innflytjendur; og stýribreytan „skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins“ gæti leitt til þess að það sé ofleiðrétt fyrir uppruna. Óútskýrður munur á lágtekjuhlutföllum eftir uppruna getur bæði tengst ómældum einkennum hópanna og hugsanlegri mismunun, en til að greina slíkt með nákvæmari hætti þyrfti ítarlegri gagnasöfn og annars konar greiningaraðferðir.

Það hvernig innflytjendur raðast í atvinnugreinar dregur í flestum tilfellum úr muninum á upprunahópum og fólki með íslenskan bakgrunn. Munurinn er þó flestum tilfellum óverulegur sem bendir til þess að verri aðgangur innflytjenda að tilteknum atvinnugreinum sé ekki megin-/stór áhrifaþáttur þegar kemur að fátækt innflytjenda. Þó er ástæða til að skoða það varðandi þrjá innflytjendahópa, það er þau sem koma frá a) Austur-Asíu, b) MENA, Tyrklandi og Kákasus, og c) Bandaríkjunum, Kanada, Nýja-Sjálandi og Ástralíu.

7.1 Dvalarlengd innflytjenda og fátækt

Kenningar um inngildingu innflytjenda að nýju samfélagi, spá að talið er fyrir um að hagur þeirra batni því lengur sem þeir búa í því samfélagi^{7 8}. Samkvæmt því ætti að draga úr líkum innflytjenda á að lenda í fátækt yfir tíma. Ef við skoðum sambandið á milli dvalarlengdar innflytjenda og lágtekjuhlutfalla í þversniði hvers árs, sjáum við að lágtekjuhlutföllin hafa tilhneigingu til að lækka með vaxandi dvalarlengd. Við getum hins vegar ekki ályktað af því að það dragi úr líkum innflytjenda á fátækt því lengur sem þeir búa á landinu. Ástæðan er sú að sumir innflytjendur flytja aftur af landi brott og þeir sem hafa ekki náð að fóta sig fjárhagslega á Íslandi kunna að vera öðrum líklegri til að vera í þeim hópi. Ef það er svo, endurspeglar munurinn á þeim, sem hafa dvalið á Íslandi í til dæmis tvö ár árið 2023 og þeim sem hafa dvalið hér í fimmtán ár, ekki aðeins batnandi líf skjör innflytjenda yfir tíma heldur einnig sjálfval tekjulágra einstaklinga úr þýði innflytjenda á Íslandi.

Til að meta samband dvalarlengdar og fátæktar á meðal innflytjenda þarf flóknari greiningu sem fer fram í tveimur skrefum. Fyrst er sett upp tvíundarlíkan til að meta hvaða bakgrunnspættir spá fyrir um að þeir flytjist aftur frá Íslandi. Fyrir það líkan notuðum við

⁷ Maskileyson, D., og Birgier, D. P. (2022). Editorial: The noneconomic and economic wellbeing of immigrants. *Frontiers in sociology*, 7, 1009743. <https://doi.org/10.3389/fsoc.2022.1009743>

⁸ Stjórnarráð Íslands, F.-o. v. (2024). *Samfélag okkar allra. Framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda. Hvítbók í málefnum innflytjenda. Drög að stefnu til ársins 2038.*

[https://stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-](https://stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Samfelag_okkar_allra_Framtid_og_stefna_Islands_i_malefnum_innflytjenda_drog_ad_stefnu_til_ar_sins_2038.pdf)


[skrar/Samfelag_okkar_allra_Framtid_og_stefna_Islands_i_malefnum_innflytjenda_drog_ad_stefnu_til_ar_sins_2038.pdf](https://stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Samfelag_okkar_allra_Framtid_og_stefna_Islands_i_malefnum_innflytjenda_drog_ad_stefnu_til_ar_sins_2038.pdf)

gögnin fyrir öll árin frá og með 2000 til og með 2023. Eftirfarandi breytur á tilteknu ári voru notaðar til að spá fyrir um hvort einstaklingar hefðu flutt aftur frá landinu árið eftir: 1) hve lengi fólk hafði dvalið á landinu; 2) hvenær það flutti til landsins; 3) á hvaða svæði í heiminum það fæddist; 4) hvað það var gamalt við komuna til Íslands; 5) kyn; 6) búseta á Íslandi; 7) atvinnugrein; 8) ráðstöfunartekjur, skiptum í jafn stóra tuttugustu hluta tekjudreifingarinnar; 9) fjölskyldugerð. Aldur við komuna til Íslands var notaður þar sem hann hefur ekki sömu fylgni við dvalartíma og aldur á hverju ári. Að lokum notumst við aðeins við upplýsingar um innflytjendur sem fluttu til Íslands frá og með árinu 2000 því sjálfsvaþ út úr landi á meðal þeirra sem komu fyrir 2000 hefur þegar átt sér stað að einhverju leyti fyrir þann tíma sem gögnin ná til. Það myndi því valda skekkju í niðurstöðum að hafa innflytjendur sem komu fyrir árið 2000 í greiningunni.

Niðurstöðurnar úr þessari greiningu voru notaðar til að búa til öfuga líkindavog (e. inverse probability weight) þar sem einstaklingar sem eru líklegri til að flytja úr landi fá aukið vægi í útreikningum en þeir sem eru líklegri til að búa áfram á Íslandi. Með því reynum við að vega upp á móti skekkjunni sem hlýst af sjálfvali innflytjenda um að fara úr landi og gefa þannig réttari mynd af sambandi dvalartíma innflytjenda og hættunni á fátækt.

Seinna skrefið er að setja upp einfalt líkan sem spáir fyrir um það hvort innflytjendur eru undir lágtekjumörkum eða ekki. Líkanið notar gögnin fyrir öll árin frá og með 2000 til og með 2023. Gögnin eru vegin með áðurnefndri öfugri líkindavog. Stýringabreyturnar í líkaninu eru upprunasvæði í heiminum og dvalarlengd í fjölda ára sem og samvirkni á milli þeirra (e. interaction effect). Við stýrum aðeins fyrir kyni og aldri en fleiri stýringar myndu gera túlkun á niðurstöðum helst til flókna.

Mynd 7.2. Líkur innflytjenda á að vera undir lágtekjumörkum eftir uppruna og dvalarlengd.



Það fyrsta sem myndin sýnir er að hættan á að vera undir lágtekjumörkum minnkar yfir tíma fyrir alla upprunahópa innflytjenda. Því lengur sem innflytjendur búa á Íslandi, því ólíklegra er að þeir búi við fátækt. Sambandið er í öllum tilfellum kúpt. Það þýðir að líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum minnka mest á fyrri hluta tímans en svo hægir á.

Mismunandi upprunahópar búa hins vegar við mismiklar líkur á fátækt, bæði eftir 1 ár á Íslandi og eftir 20 ár. Eftir eitt ár í landinu eru það innflytjendur frá Austur-Asíu sem búa við mestar líkur á að vera undir lágtekjumörkum, eða 22,6%, þegar stýrt er fyrir kyni og aldri. Næst á eftir koma innflytjendur frá Vestur-Evrópu með 22,1% líkur að vera undir

lágtekjumörkum. Minnstu líkurnar á fátækt eftir eins árs dvöl eru á meðal innflytjenda frá Suðaustur-Asíu og Eyjaálfu (8,8%) og frá meginlandi Suðaustur-Asíu (9,9%).

Eftir 20 ár á Íslandi eru það enn innflytjendur frá Austur-Asíu sem búa við mestar líkur á að vera undir lágtekjumörkum (10,8%) en næst á eftir koma innflytjendur frá hinum Norðurlöndunum (8,3%). Eftir 20 ár á landinu eru líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum lægstar á meðal innflytjenda af óþekktum uppruna (0,9%), frá Mið- og Suður-Asíu (2%) og Póllandi (2,1%).

Það er ekki aðeins munur á upphafs- og endastöðu mismunandi innflytjendahópa yfir 20 ára tímabil, heldur þróast líkur ólíkra hópa á að vera undir lágtekjumörkum mismunandi yfir tíma. Ef við berum til dæmis saman innflytjendur frá Austur-Asíu og Vestur-Evrópu, þeim upprunahópum sem búa við mestar líkur á fátækt eftir eitt ár á Íslandi, þá sést að líkur seinni hópsins á að vera undir lágtekjumörkum minnka mun meira yfir tíma en fyrri hópsins. Aðrir hópar sem bæta stöðu sína umfram það sem gengur og gerist hjá innflytjendum komu frá a) Suður-Evrópu, b) Bandaríkjunum, Kanada, Nýja-Sjálandi og Ástralíu, c) Vestur-Evrópu, auk d) innflytjenda af óþekktum uppruna.


Á hinn bóginn eru innflytjendur frá vissum upprunasvæðum sem bæta hag sinn minna yfir tuttugu ára tímabil en gengur og gerist á meðal innflytjenda. Þar er helst að nefna innflytjendur frá meginlandi Suðaustur-Asíu og frá Afríku.

Í stuttu máli, hætta mismunandi innflytjendahópa er mismikil við komuna til Íslands, minnkar umtalsvert yfir tíma, mest á fyrstu árum eftir komu til landsins og mishratt fyrir fólk af ólíkum uppruna. Vert er að kanna nánar hvað veldur því að sumum hópum gengur betur að þessu leyti og öðrum verr þar sem upplýsingar um fyrri hópana kunna að varpa ljósi á hvernig megi bæta stöðu þeirra seinni.


7.2 Hvað spáir fyrir um fátækt innflytjenda á Íslandi?

Síðasta aðhvarfsgreiningin sem við birtum metur áhrif tiltekinna þátta á líkur innflytjenda á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023 þegar stýrt er fyrir öðrum þáttum. Greiningin byggir á upplýsingum um alla fullorðna innflytjendur (>17 ára) sem voru í gögnunum það árið og inniheldur eftirtaldar breytur: 1) lengd búsetu á Íslandi; 2) kyn; 3) aldur; 4) fjölskyldugerð; 5) fjöldi barna á heimili; 6) hvort fólk var námsfólk eða ekki; og 7) fjöldi mánaða í launuðu starfi á árinu. Niðurstöðurnar fyrir hverja breytu eru birtar í sér mynd fyrir hverja. Líkanið sýndi nokkuð gott aðgreiningarhæfi með AUC=0,788, sem þýðir að ef tveir einstaklingar í gögnunum eru valdir af handahófi – annar undir lágtekjumörkum, hinn yfir þeim – þá spáir líkanið rétt fyrir um hvor einstaklingurinn er undir lágtekjumörkum í nær fjórum af hverjum fimm tilfellum.


Mynd 7.3. Dvalarlengd á Íslandi og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.




Mynd 7.4. Kyn og aldur og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.




Mynd 7.5. Fjölskyldugerð og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.




Mynd 7.6. Fjöldi barna í fjölskyldu og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.



Mynd 7.7. Námsfólk og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.



Mynd 7.8. Fjöldi mánaða í launavinnu og líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum árið 2023.



Niðurstöðurnar benda til að líkurnar á að vera undir lágtekjuhlutföllum séu minni því lengur sem fólk hefur dvalist á landinu, þegar öðrum stærðum er haldið stöðugum (mynd 6.3). Munurinn á milli karla og kvenna er óverulegur en aldur tengist minnkandi líkum að vera undir lágtekjumörkum, en munurinn er þó aðallega á sitt hvorum enda aldursdreifingarinnar (mynd 6.4).

Fjölskyldugerð hefur nokkuð sterkt forspárgildi. Annars vegar búa einstæðir við auknar líkur á að vera undir lágtekjumörkum í samanburði við fólk í hjúskap. Á hinn bóginn búa barnlausir við auknar líkur á að vera undir lágtekjumörkum í samanburði við fólk með börn og það á við bæði um einstæða og fólk í hjúskap (mynd 6.5). Aftur á móti hefur fjöldi barna mikil áhrif á líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum og hvert barn eykur líkurnar ögn meira en barnið á undan (mynd 6.6).

Námsfólk er líklegra til að vera undir lágtekjumörkum en fólk sem er ekki í námi og háskólanemar eru líklegri en framhaldsskólanemar (mynd 6.7). Framhaldsskólanemar eru að jafnaði yngri en háskólanemar og njóta margir hagræðis af því að búa í foreldrahúsum en margir innflytjendur í háskólanámi koma hins vegar til landsins til þess að sækja skóla. Stærstur hluti þeirra sem eru ekki í námi eru svo starfandi. Því meiri sem virkni fólks er á vinnumarkaði, mælt sem fjöldi mánaða sem viðkomandi var í launavinnu, því minni eru líkurnar á að vera undir lágtekjumörkum (mynd 6.8).

Af þeim breytum sem eru í líkaninu höfðu fjöldi mánaða í launavinnu og fjölskyldugerð mest áhrif á hve vel líkanið fellur af gögnunum. Að sleppa fjölda mánaða í launavinnu úr líkaninu hefði lækkað AUC um 12,% en að sleppa fjölskyldugerð hefði lækkað það um 4,2%.

Viðhengi A: Flokkun landa í upprunasvæði.

Svæði	Lönd
Pólland	Pólland (PL)
Eystrasaltslöndin	Eistland (EE); Litáen (LT); Lettland (LV)
Norðurlönd	Danmörk (DK); Finnland (FI); Færeyjar (FO); Grænland (GL); Noregur (NO); Svíþjóð (SE)
Vestur-Evrópa	Austurríki (AT); Belgía (BE); Sviss (CH); Þýskaland (DE); Frakkland (FR); Liechtenstein (LI); Lúxemborg (LU); Mónakó (MC); Holland (NL)
Bretlandseyjar	Bretland (GB); Guernsey (GG); Írland (IE)
Suður-Evrópa	Andorra (AD); Kýpur (CY); Spánn (ES); Gíbraltar (GI); Grikkland (GR); Ísrael (IL); Ítalía (IT); Malta (MT); Portúgal (PT); San Marínó (SM)
Balkanskaginn	Albanía (AL); Bosnía og Hersegóvína (BA); Króatía (HR); Moldova (MD); Svartfjallaland (ME); Makedónía (MK); Serbía (RS); Kósovó (XK); Júgóslavía (YU)
Austur-Evrópa	Búlgaría (BG); Hvíta-Rússland (BY); Tékkland (CZ); Ungverjaland (HU); Tékkóslóvakía (QZ); Rúmenía (RO); Rússland (RU); Slóvenía (SI); Slóvakía (SK); Sovétríkin (SU); Úkraína (UA)
MENA (Miðausturlönd og Norður-Afríka), Tyrkland og Kákasus	Sameinuð arabafurstadæmi (AE); Armenía (AM); Aserbaídsjan (AZ); Díbútí (DJ); Alsír (DZ); Egyptaland (EG); Georgía (GE); Írak (IQ); Íran (IR); Jórdanía (JO); Kúvaít (KW); Líbanon (LB); Líbía (LY); Marokkó (MA); Óman (OM); Palestína (PS); Katar (QA); Saudí-Arabía (SA); Sýrland (SY); Túnis (TN); Tyrkland (TR); Jemen (YE)
Afríka	Angóla (AO); Búrkina-Fasó (BF); Búrúndí (BI); Botswana (BW); Austur-Kongó (CD); Miðafrika (CF); Kongó (CG); Fílabeinsströnd (CI); Kamerún (CM); Grænhöfðaeyjar (CV); Vestur-Sahara (EH); Erítrea (ER); Epíópía (ET); Gabon (GA); Ghana (GH); Gambía (GM); Gínea (GN); Miðbaugsgínea (GQ); Gínea-Bissá (GW); Kenía (KE); Líbería (LR); Lesótó (LS); Madagaskar (MG); Malí (ML); Máritanía (MR); Míritíus (MU); Malaví (MW); Mósambík (MZ); Níger (NE); Nígería (NG); Rúanda (RW); Súdan (SD); Síerra Leóne (SL); Senegal (SN); Sómalía (SO); Suður-Súdan (SS); Chad (TD); Tógó (TG); Tansanía (TZ); Suður-Afríka (ZA); Sambía (ZM); Zaire (ZR); Simbabwe (ZW)
Mið- og Suður-Asía	Afganistan (AF); Banglades (BD); Indland (IN); Kirgistan (KG); Kasakstan (KZ); Srí Lanka (LK); Maldíveyjar (MV); Nepal (NP); Pakistan (PK); Tadjikistan (TJ); Túrkménistan (TM); Úsbekistan (UZ)
Suðaustur-Asía, meginland	Kambódía (KH); Laos (LA); Mýanmar (MM); Taíland (TH); Víetnam (VN)
Austur-Asía	Kína (CN); Hong Kong (HK); Japan (JP); Suður-Kórea (KR); Mongólía (MN); Taívan (TW)
Suðaustur-Asía og Eyjaálfa	Brúnei (BN); Fídjí (FJ); Indónesía (ID); Malasía (MY); Papúa Nýja-Gínea (PG); Filippseyjar (PH); Salómonseyjar (SB); Singapúr (SG); Tonga (TO)
BNA, Kanada, Ástralía og NZ	Ástralía (AU); Kanada (CA); Nýja-Sjáland (NZ); Saint Pierre og Miquelon (PM); Bandaríkin (US)
Mið- og Suður-Ameríka	Antígva og Barbúda (AG); Argentína (AR); Arúba (AW); Barbados (BB); Bólívía (BO); Brasilía (BR); Bahamaeyjar (BS);

	Belís (BZ); Chile (CL); Kólobmbía (CO); Costa-Ríca (CR); Kúba (CU); Curacao (CW); Dóminíka (DM); Dóminíska lýðveldið (DO); Ekvador (EC); Guatemala (GT); Guyana (GY); Hondúras (HN); Haítí (HT); Jamaíka (JM); Sankti-Lúsía (LC); Mexíkó (MX); Níkaragva (NI); Panama (PA); Perú (PE); Paraguay (PY); Súrínam (SR); El Salvador (SV); Trínidad og Tobagó (TT); Úruguay (UY); St.Vincent og Grenadines (VC); Venesúela (VE)
Óþekkt	Óþekkt
